MAGNÚS SKARPHÉÐINSSON

*Segir að álfum finnist skotgleðin úr hófi*

• áramót

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




FJÖLNIR ÞORGEIRSSON

*Ósáttur við Spurt að leikslokum*

Fékk afsökunarbeiðni frá spurningahöfundum

FÓLK 50




Gleðilegt ár!

- þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Þín verslun Vesturbergi | Kassinn Ólafsvík | Þín verslun Melabúðin | Kostur Njarðvík | Þín verslun Seljabraut



# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

31. desember 2009 — 308. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



### Löng helgi fram undan

Lögreglan er búin undir fyrir þriggja daga áramóta-veislu.

FÓLK 42



### Góðir tímar koma á ný

Hrönn Friðriksdóttir spákona hefur ekki áhyggjur af þjóðarsálinni á nýju ári.

TÍMAMÓT 28

### Maður ársins

Pétur Jóhann Sigfússon er maður ársins í skemmtanabransanum samkvæmt kosningu Fréttablaðsins.

FÓLK 50



### Öruggt hjá United

Manchester United vann Wigan í gær og minnkaði forystu Chelsea á toppnum.

ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**FLOTT ÁRAMÓT** Í dag verður mjög hæg vestlæg eða breytileg átt en stífari vindur SA-til í fyrstu. Yfirleitt léttskýjað en skýjað með köflum V-til í fyrstu og A-til fram á nótt.

VEÐUR 4


TENGI

Gleðilegt nýtt ár

Starfsfólk Tengis óskar viðskiptavinum sínum gleðilegs árs og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ríkisábyrgð vegna Icesave samþykkt

**Alþingi samþykkti ríkisábyrgð á Icesave í gærkvöldi með 33 atkvæðum gegn 30. Mest rædda mál þingsögunnar. Forsætisráðherra segist niðurstöðunni feginn.**

**STJÓRNMÁL** Alþingi samþykkti á tólfta tímanum í gærkvöldi frumvarp ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. 33 þingmenn greiddu atkvæði með málinu og 30 gegn því. „Þetta eru landráð,“ var kallað af þingpöllum þegar niðurstaðan lá fyrir

Tveir þingmenn stjórnarflokkanna greiddu atkvæði gegn frumvarpinu; Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson, þingmenn Vinstri grænna. Þráinn Bertelsson var eini stjórnarandstæðingurinn sem greiddi atkvæði með frumvarpinu.

Áður hafði öllum breytingartillögum stjórnarandstöðunnar verið hafnað. Tæpast stóð tillaga Péturs H. Blöndal um að skjóta skyldi málinu til þjóðarinnar. Hún var felld með 33 atkvæðum gegn 30.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist fegin. „Ég fagna því að þetta erfiða mál sé loks til lykta leitt á Alþingi. Þetta hefur verið öllum erfitt en með lyktum þess er stórum þröskuldi rutt úr vegi,“ segir hún.

Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, er vonsvikinn. „Þessi niðurstaða er mikil vonbrigði. Ríkisstjórninni mistókst að gera samninga sem íslensk þjóð getur búið við. Henni mistókst að sameina þjóðina að baki sér í baráttu við ósanngjarnar kröfur erlendra ríkja,“ segir hann.

Ögmundur Jónasson var ekki heldur ánægður. „Það blandast engum hugur um að ég er ósáttur með niðurstöðuna en nú er málið að leggjast ekki í depurð og uppgjöf. Ég er sannfærður um að landið mun rísa,“ sagði hann.

Birkir Jón Jónsson segir niðurstöðuna gríðarleg vonbrigði, „og áfellisdómur yfir samráðsleysi og vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar sem ekki eru Alþingi sæmandi og Íslendingum bjóðandi“.

Ríkisráðsfundur verður haldinn að Bessastöðum klukkan tíu í dag eins og jafnan á gamlársdag. Búast má við að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fái þá lögin til staðfestingar.

- sh, kóp / sjá síðu 4

Fjárframlög til flokkanna:

## Sjálfstæðismenn birta ekki nöfn

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkur birtir ekki nöfn þeirra sem styrkt hafa flokksskrifstofu hans gegnum árin, um alls rúmar 328 milljónir króna. Flokkurinn birtir heldur ekki upplýsingar um heildarframlög sín. Aðrir stórir flokkar birta flest framlög.

- kóp / sjá síðu6





Gleðilegt nýtt ár

SUBWAY®

## SPURNING DAGSINS



*Haraldur, eruð þið ekki að reka landsbyggðinni kinnhest með þessu?*

„Nei, það get ég ekki ímyndað mér. Hesturinn, hann er jafnt í bæ sem sveit."

Landssamband hestamannafélaga íhugar nú að halda landsmót hestamanna í höfuðborginni á næsta ári. Haraldur Þórarinsson er formaður Landssambandsins.

Hestamenn áhyggjufullir yfir brennu sem halda á 140 metra frá hesthúsabyggð:

# Íhuga að biðja um lögbann á brennu

**DÝRAVERND** Forsvarsmenn hestamannafélagsins Andvara hafa miklar áhyggjur af brennu sem til stendur að halda 140 metra frá hesthúsabyggð að Heimsenda í Kópavogi í kvöld. Íhuga þeir nú að fara fram á lögbann á brennuna eftir að óskum þeirra um að staðsetningin verði endurskoðuð hefur ítrekað verið hafnað.

„Yfirgangurinn er með ólíkindum," segir Pétur A. Maack, formaður Andvara. Þegar haldin sé brenna svo nálægt hesthúsum sé mikil hætta á að reyk leggi yfir byggðina og hrossin veikist eða að þau fælist af hljóðum og blossum frá flugeldum og hávaða frá brennugestum. Dýrin geti þannig slasast illa. Jafnvel þótt hestamennirnir hafi verið fullvissaðir um að ekki verði kveikt í brennunni ef vindátt verður óhagstætt sé ljóst að hún geti breyst snarlega.



**NÁLÆGT** Á myndinni má sjá hversu nálægt hesthúsunum búið er að hlaða bálköstinn. MYND/PÉTUR A. MAACK

„Við teljum að yfirvöld hafi sýnt af sér verulegt kæruleysi með þessu. Þetta er ótrúlegt tillitsleysi við dýrin og hestamennskuna," segir Pétur.

Pétur segist frá því á þriðjudag hafa átt samskipti við alla sem hafi þurft að veita leyfi fyrir brennunni; lögreglu, slökkvilið, bæjaryfirvöld í Kópavogi og heilbrigðiseftirlit. Alls staðar hafi málaleitunum hans verið hafnað með vísan til þess að reglugerðir banni ekki brennuhald svo nærri hesthúsabyggð. - sh

Nýársnóttin í borginni:

## Svifryksmengun líklega mikil

**ÁRAMÓT** Líklegt er að svifryksmengun verði þó nokkur og muni liggja í loftinu í Reykjavík fram eftir nýársnótt, þar sem búist er við stilltu veðri.

Styrkur svifryks er oft yfir mörkum á nýársnótt, og hefur svifryk farið nítján sinnum yfir heilsuverndarmörk á árinu sem er að líða. Þeir sem eru með viðkvæm öndunarfæri og öndunarfærasjúkdóma þurfa því að gæta sín um áramótin vegna loftmengunar, að því er kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Einnig er minnt á að fólk beri ábyrgð á því að skila leifum af flugeldum á endurvinnslustöðvar. - þeb



**HEIMSÆKIR VERKSMIÐJU** Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, spjallar við starfsmenn bílaverksmiðju í Vladívostok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín opnar bílaverksmiðju:

## Setja saman kóreska bíla

**RÚSSLAND Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, opnaði á þriðjudag verksmiðju í Vladívostok í suðausturhluta Rússlands, þar sem setja á saman bíla frá Kóreu.**

**Að því er fram kemur á fréttavefnum Ria Novosti var verkefnið sett af stað fyrir ári eftir að stjórnvöld hækkuðu innflutningsgjöld á notuðum bílum. Ákvörðunin vakti reiði í þessum hluta landsins sem reiðir sig að mestu á innflutning bíla frá Asíu. Fyrsta stig bílasamsetningarinnar snýst um framleiðslu á um 25.000 SsangYong-jepplingum á ári. Um mitt næsta ár hefst samsetning á Isuzu-jeppum. Forstjóri verksmiðjunnar hefur sagt að með samsetningu innanlands megi lækka verð á bílum sem áður voru fluttir inn um fimm prósent. - óká**

# Útliti mansalsstúlku breytt fyrir Íslandsför

**Einn Íslendingur og fimm Litháar hafa verið ákærðir fyrir mansal. Stúlka hafi verið neydd til að stunda vændi í Litháen og síðan flutt nauðug hingað í sama tilgangi. Áður var hár stúlkunnar klippt og litað til að falsa skilríki hennar.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært sex karlmenn, einn Íslending og fimm Litháa, fyrir mansal. Þeim er gefið að sök að hafa flutt hingað til lands nítján ára litháíska stúlku í þeim tilgangi að notfæra sér hana kynferðislega.

Að því er segir í ákærunni sem Fréttablaðið hefur undir höndum segir að stúlkan hafi verið beitt ólögmætri nauðung, frelsissviptingu og ótilhlýðilegri meðferð áður en og þegar hún var send til Íslands. Sama hafi gilt um hana í meðförum sexmenninganna hér á landi, sem tekið hafi við stúlkunni, flutt hana og hýst í því skyni að notfæra sér hana kynferðislega.

Stúlkunni sem hafði verið svipt frelsi sínu í Litháen og neydd til að stunda vændi þar í landi, var ekið frá borginni Panevezys í Litháen til Varsjár í Póllandi. Þaðan var hún til Íslands með flugi föstudaginn 9. október. Hún var send á fölsuðum skilríkjum og flugmiði hennar var á röngu nafni.

Áður en hún var send af stað hafði hár hennar verið klippt og litað og tekin af henni ljósmynd sem sett var í skilríkin. Fékk hún fyrst að vita á flugvellinum í Varsjá að ferðinni væri heitið til Íslands, þar sem hún þekkti engan. Hún átti sér engrar undankomu auðið, var algerlega háð þeim sem sviptu hana frelsi og neyddu hana til vændis, að því er segir í ákærunni. Hún gat ekki snúið til baka til Litháens.



**MANSALSMENN FYRIR DÓMI** Litháarnir voru úrskurðaðir í Héraðsdómi Reykjaness í gær í áframhaldandi gæsluvarðhald til 26. janúar. Íslendingnum hafði áður verið sleppt.

Þrír Litháanna fóru á Keflavíkurflugvöll til þess að taka á móti stúlkunni. Af móttökum varð þó ekki þar sem lögreglan handtók hana við komuna til landsins. Var stúlkan í umsjá lögreglu og síðan í húsnæði á vegum félagsmálayfirvalda í Reykjanesbæ.

Litháarnir fimm sóttu hana síðan skammt frá dvalarstað hennar rétt eftir miðnætti þriðjudaginn 13. október. Þeir fluttu hana í íbúð við Hörgsholt 27 í Hafnarfirði, sem Íslendingurinn útvegaði. Þar hýstu mennirnir hana í tvo daga. Að kvöldi fimmtudagsins 15. október fór einn Litháanna með stúlkuna á Hótel Leif Eiríksson við Skólavörðustíg í Reykjavík þar sem hann skildi hana eftir.

Brot allra sakborninganna telst einkum varða við 227. grein hegningarlaganna, þar sem kveðið er á um að refsing fyrir mansal geti verið allt að átta ára fangelsi.

Stúlkan krefst 3,8 milljóna króna í miskabætur.

Litháarnir voru úrskurðaðir í Héraðsdómi Reykjaness í gær í áframhaldandi gæsluvarðhald til 26. janúar. Íslendingnum hafði áður verið sleppt. jss@frettabladid.is

Nýjung hjá verslunarmiðstöð:

## Bílastæðahús fyrir konur

**KÍNA Verslunarmiðstöð í borginni Shijiazhuang í Kína hefur opnað bílastæðahús með stærri bílastæðum sem eingöngu er ætlað konum, að því er fram kemur á vef BBC.**

**Bílastæðin í húsinu eru einum metra breiðari en önnur bílastæði við verslunarmiðstöðina, og starfsmenn munu sjá um að beina ökumönnum í bílastæðin. Þá eru skilti og öryggiskerfi sögð „sérsniðin að þörfum kvenna".**

**Þá er bílastæðahúsið málað í bleikum og fjólubláum litum, sem forsvarsmenn verslunarmiðstöðvarinnar vona að höfði enn frekar til kvenna. - bj**

Umboðsmaður Alþingis:

## Ráðuneyti skoði á ný mál fanga

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðuneytið braut lög með því að rannsaka ekki til hlítar skýringar fanga á Litla-Hrauni á því að lyfseðilsskyld lyf fundust í klefa hans, að mati umboðsmanns Alþingis.

Fanginn kærði til ráðuneytisins þá ákvörðun fangelsisyfirvalda að refsa honum fyrir að vera með lyfin, og sagði þau blóðþynningarlyf sem hann þyrfti vegna hjartaaðgerðar. Ráðuneytið staðfesti með úrskurði niðurstöðu fangelsisyfirvalda.

Umboðsmaður Alþingis beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka málið til endurskoðunar, óski fanginn eftir því. - bj

## UNDIRSKRIFTASÖFNUN

### Tæp 37 þúsund skrifað undir

Tæplega 37.000 höfðu um kvöldmatarleytið í gær skrifað undir undirskriftalista InDefence-hópsins á vef hópsins. Þar er skorað á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að synja Icesave-lögunum staðfestingar, samþykki Alþingi lögin.

## GJÖF

### Smábátaeigendur gefa sitt

Félag smábátaeigenda á Austurlandi ákvað á aðalfundi fyrir jólin að ráðstafa ríflega allri innkomu félagsins árið 2008 til þeirra átta björgunarsveita sem eru á starfssvæði félagsins, frá Borgarfirði eystri til Djúpavogs. Vefmiðillinn Austurgluugginn segir frá þessu.




Meirihluti bæjarstjórnar Álftaness sat hjá í biðlaunamáli fyrrverandi bæjarstjóra:

# Tveir dugðu til samþykktar biðlauna

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að greiða Sigurði Magnússyni, fyrrverandi bæjarstjóra, biðlaun í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings hans. Aðeins tveir bæjarfulltrúanna samþykktu þessa tilhögun, einn var á móti en hinir fjórir sátu hjá.

Eins og Fréttablaðið hefur skýrt frá ber Sigurði að fá greidd átta mánaða biðlaun samkvæmt ráðningarsamningi hans frá 2006. Bæjarfulltrúar nýs meirihluta sem tók við í haust töldu hins vegar að Sigurður hefði sagt að samningurinn yrði „leiðréttur" þannig að hann fengi aldrei meira en sex mánaða biðlaun. Sögðust þeir vísa til orða Sigurðar á bæjarráðsfundi í janúar á þessu ári.

Sigurður vék af fundinum þegar bæjarstjórnin ræddi biðlaunamálið. Tveir af þremur bæjarfulltrúum Á-listans, samherjar Sigurðar, mótmæltu túlkun meirihlutans. „Samningnum var breytt á tímabilinu þannig að sex mánaða biðlaunaréttur gilti ef hann starfaði út ráðningatímann, en ef hann hætti á ráðningatímanum gilti eldra ákvæði um árlega vaxandi biðlaun," segir í bókun þeirra.

Þá sögðu umræddir tveir bæjarfulltrúar að rangt hefði verið farið með laun og starfskjör Sigurðar í fjölmiðlum. Í Fréttablaðinu var sagt frá því 23. desember síðastliðinn að föst mánaðarlaun bæjarstjórans þáverandi hefðu numið 800 þúsund krónum. Voru það uppreiknuð laun Sigurðar miðað við þróun launavísitölu eins og samningur hans gerir ráð fyrir. Hvorki Sigurður sjálfur né Pálmi Másson, núverandi bæjarstjóri, hafa svarað fyrirspurnum um starfskjörin. - gar



**SIGURÐUR MAGNÚSSON** Núverandi meirihluti á Álftanesi vildi ekki efna biðlaunaákvæði ráðningarsamnings bæjarstjórans fyrrverandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





| EIMSKIP | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim

## GENGIÐ 30.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,40 | 126,00 |
| Sterlingspund | 198,90 | 199,86 |
| Evra | 179,98 | 180,98 |
| Dönsk króna | 24,182 | 24,324 |
| Norsk króna | 21,594 | 21,722 |
| Sænsk króna | 17,432 | 17,534 |
| Japanskt jen | 1,3602 | 1,3682 |
| SDR | 195,97 | 197,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

233,2485

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mishcon de Reya var beðið um gögn sem ekki voru á vefnum:

# Lögmannsstofan stendur við orð sín

**UTANRÍKISMÁL** Michael Stubbs, lögmaður hjá Mishcon de Reya, segir yfirlýsingu Svavars Gestssonar, formanns samninganefndar Icesave, ekki stangast á við bréf stofunnar frá því á þriðjudag. Í yfirlýsingu sem Stubbs sendir frá sér í gær, segir hann að frásögn af fundi frá 26. mars 2009 standi.

Í samtali við Fréttablaðið segir Stubbs að upplýsingar stofunnar hafi ekki á neinn hátt kastað rýrð á trúnað Svavars. Hann hafi beðið lögfræðingana um að taka ákveðnar upplýsingar úr minnisblaði fyrir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. „Við sögðum aldrei að hann hefði leynt þessum upplýsingum, við skýrðum einungis frá því sem hann bað okkur um að gera.“

Össur upplýsti á þingi í gær að minnisblaðið hefði verið fyrir fund með utanríkisráðherra Breta og upplýsingarnar hefðu ekki tengst þeim fundi. Hann hefði ekki verið leyndur upplýsingum.

Spurður hvers vegna gögnin sem send voru í vikunni hafi ekki verið að finna í skýrslu stofunnar, sem afhent var fjárlaganefnd 22. desember, segir Stubbs að í skýrslunni hafi stofan ráðlagt nefndinni um Icesave-samninginn. Síðan hafi borist beiðni um að finna gögn, tengd málinu, sem ekki hafi verið á vefnum. Stofan hafi sent yfir fimmtíu slík skjöl.

En myndi Stubbs samþykkja Icesave-samninginn? „Ég get ekki svarað því, en vísa í álit okkar frá 22. desember.“ **- kóp**

### YFIRLÝSING SVAVARS

Í bréfi lögmannsstofunnar Mishcon de Reya er fullyrt að ég hafi lagt svo fyrir sem formaður samninganefndarinnar að ekki mætti sýna utanríkisráðherra Össuri Skarphéðinssyni hluta af kynningu lögmannsstofunnar í Icesave málinu þar sem málið væri of viðkvæmt. Einhverjir hafa kosið að skilja þetta svo að ég hafi ekki treyst utanríkisráðherra. Ekkert er fjarri sannleikanum og bið ég fjárlaganefnd í allri vinsemd að hugleiða hvaða markmiðum ég hefði náð með því að leyna mikilvægum gögnum fyrir utanríkisráðherra. Ég kannast sem sé ekkert við þá lýsingu á málinu sem fram kemur í bréfi Mishcon de Reya 29.12. 2009. Hins vegar lagði lögmannsstofan sjálf mikla áherslu á að málið væri viðkvæmt.

Bæjarfulltrúi á Álftanesi:

## Litið sé til fleiri en Garðabæjar

**SVEITARSTJÓRNIR Kristján Sveinbjörnsson, bæjafulltrúi minnihluta Á-listans á Álftanesi, lagði til á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag að auk þess sem rætt yrði við Garðabæ um sameiningu sveitarfélaganna yrði einnig rætt við Hafnfirðinga og Reykvíkinga.**

**„Miðað við framgang bæjarstjórnar og stjórnsýslu Álftaness síðustu mánuði þá er sú ein leið fær gagnvart íbúum að sameina byggðina öðru sveitarfélagi. Greina þarf mismunandi kosti þeirra sveitarfélaga sem til greina koma og kanna hug þeirra til mögulegrar sameiningar við Álftanes,“ sagði í greinargerð með tillögu Kristjáns sem vísað var til meðferðar hjá bæjarráði. - gar**



**Á SKAUTUM** Skautasvellið á tjörninni er opið.

Útlit fyrir bjart og kalt veður:

## Skautasvell í borginni opnuð

**ÚTIVIST** Skautasvell hafa verið opnuð á Reykjavíkurtjörn og Rauðavatni. Óskir höfðu borist frá íbúum til Reykjavíkurborgar um að skautasvell yrðu útbúin.

Reykjavíkurtjörn er frosin um tíu til tuttugu sentimetra niður, en borað var til að kanna þykkt íssins í gær. Á Rauðavatni var í gær skafin braut fyrir hestamenn, frá göngum undir Suðurlandsveg og yfir vatnið til norðurs. **- þeb**

# Deilt um bréf bresku lögmannsstofunnar

**Þinghald var í uppnámi í gær vegna bréfa breskrar lögmannsstofu. Fundum var ítrekað frestað. Þungar hnútur gengu úr ræðustól. Forseti Alþingis afþakkaði fleiri tölvubréf að utan. Dapurlegur framgangsmáti, sagði formaður fjárlaganefndar.**

**ALÞINGI** Þinghald var í uppnámi fram eftir degi í gær vegna bréfa frá bresku lögmannsstofunni Mishcon de Reya, sem vann álit fyrir Alþingi um Icesave. Stjórnarandstaða vildi fresta fundi svo hægt væri að fara yfir gögnin en stjórnarliðar sögðu engin ný gögn á ferðinni.

Fjárlaganefnd fundaði í gærmorgun klukkan átta og þingfundur átti að hefjast klukkan 10.30. Þingfundi var ítrekað frestað og hófst ekki fyrr en klukkan 15.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, steig fyrstur í ræðustól. Hann gagnrýndi lögmannsstofuna og talaði um dapurlegan framgangsmáta. Gefið hefði verið í skyn á þriðjudag að mikilvæg gögn væru á leiðinni. Í ljós hefði komið að stofan hefði engin sérstök gögn í huga, en hefði boðist til að fara aftur yfir öll gögn sín. Slíkt væri ekki boðlegt, enda hefði stofan nýverið skilað af sér ítarlegri skýrslu um málið byggðri á gögnum sínum. Því hefði hann slitið fundi fjárlaganefndar.

Guðbjartur sagði ekkert nýju skjalanna hafa komið frá stofunni sjálfri. Um þriðja aðila gögn væri að ræða sem þingmenn hefðu flest séð áður. „Þessi frágangsmáti er með þvílíkum ólíkindum,“ sagði Guðbjartur.

Undir þetta tók Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og sagði ljóst að ef breska stofan hefði yfir mikilvægum gögnum að ráða hefði hún byggt á þeim í skýrslu sinni.

Stjórnarandstæðingar voru mjög ósáttir við vinnubrögðin, enda væru gögn enn að berast frá stofunni. Fráleitt væri að gera þeim að taka afstöðu til málsins án þess að lesa þau gögn. Pétur H. Blöndal hvatti til utandagskrárumræðu um málið, enda hefðu gögn komið fram eftir að sumir þingmenn kláruðu ræðutíma sinn.

Birgir Ármannsson sakaði ríkisstjórnina um gerræði og Eygló Harðardóttir velti því upp hvort ekki væri kominn tími til að kæra núverandi ráðherra fyrir landsdómi.

Bréfin héldu áfram að berast þar til Höskuldur Þórhallsson upplýsti að stofan hefði tilkynnt að forseti Alþingis hefði afþakkað fleiri skjöl. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir forseti sagði í samtali við Fréttablaðið að hún hefði gert það í sparnaðarskyni. Fjárlaganefnd ætlaði ekki að fjalla meira um málið og því væri tilgangslaust að fá fleiri skjöl. Því hefði hún afþakkað dýra vinnu.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**BRÉFIN SKOÐUÐ** Fram eftir degi bárust tölvubréf frá bresku lögfræðistofunni. Stjórnarandstaðan vildi fresta fundi svo hægt væri að fara yfir gögnin, en stjórnarliðar sögðu engin ný gögn á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SPRENGJUSVEIT AÐ STÖRFUM** Meðlimir baráttusveitar Grikkja gegn hryðjuverkum leita sprengjubrota síðdegis á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjuárás í Aþenu:

## Hús skemmdist en fólk slapp

**GRIKKLAND, AP Öflug sprengja sprakk fyrir utan skrifstofur tryggingafélagsins Ethniki Insurance í miðborg Aþenu í Grikklandi síðla dags á sunnudag.**

**Skrifstofur tryggingafélagsins skemmdust nokkuð, en enginn meiddist. Þær eru þó við hliðina á opnu kvikmyndahúsi við annasama götu. Lögregla segir að hringt hafi verið á dagblað í borginni og varað við sprengingunni.**

**Enginn hefur lýst ábyrgð á sprengjunni, en öfgahópar á vinstri væng grískra stjórnmála hafa á árinu sótt í sig veðrið með sprengju- og skotárásum, meðal annars á banka, sjónvarpsstöðvar og kauphöllina í Aþenu. - óká**

Höfuðborgarsvæðið:

## Ræktanir, landi og bruggtæki

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun á tveimur stöðum í Reykjavík í fyrradag. Við húsleit í íbúð í Breiðholti var lagt hald á rúmlega 200 kannabisplöntur. Á sama stað fannst einnig landi og bruggtæki. Lögreglan gerði jafnframt húsleit í annarri íbúð í borginni í gær en í henni fundust um þrjátíu kannabisplöntur. Þrír voru handteknir í tengslum við rannsókn málanna. Þeir hafa allir játað aðild sína og eru lausir úr haldi. **- jss**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**NÝTT ÁR MUN HEILSA FALLEGA**
Þegar kemur fram á kvöldið verður orðið stjörnubjart um nánast allt land og úrkomulaust, en austanlands verður líklega skýjað með köflum fram á nótt. Vindur verður í lágmarki á landinu og mun því viðra vel til flugeldaskota.




**Á MORGUN**
Hæg austlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 9° |
| Berlín | -1° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 1° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 5° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 7° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -9° |
| París | 10° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Gleðilegt nýtt ár
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
MJÓLKURSAMSALAN

## KJÖRKASSINN



*Kaupir þú flugelda fyrir áramótin?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,5 |
| Nei | 57,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Verður næsta ár betra?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Auknar álögur ríkisins munu leiða til hækkana á áfengi og tóbaki um áramótin:

# Allt að 8,5 prósenta hækkun

**VERSLUN** Verð á algengum áfengistegundum mun hækka um allt að 8,5 prósent eftir áramót, og verð á sígarettum um 7,5 prósent. Hækkunin kemur til vegna hækkunar á áfengis- og tóbaksgjaldi, auk eins prósentustigs hækkunar á virðisaukaskatti.

Samkvæmt útreikningum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins mun algeng tegund af rauðvíni með 13,5 áfengisprósentu hækka úr 1.898 krónum í 1.999 krónur, eða um 5,3 prósent. Þriggja lítra kassi af 13,5 prósenta rauðvíni hækkar um 7,8 prósent og mun kosta 5.279 krónur.

Algeng bjórtegund í hálfs lítra umbúðum mun eftir hækkunina kosta 313 krónur, 6,1 prósenti meira en í dag. Mest hækkar þó sterkt áfengi og mun 700 millilítra flaska af 37,5 prósenta vodka hækka um 8,5 prósent og kosta 4.767 krónur.

Heildsöluverð á sígarettum frá ÁTVR hækkar um 7,53 prósent og verður um 7.000 krónur eftir hækkun. Algengt útsöluverð á sígarettupakka er rúmar 800 krónur, og verður trúlega í kringum 900 krónur þegar verslanir hækka verðið eftir áramót.

Í þessum útreikningum er ekki reiknað með mögulegum verðhækkunum frá birgjum um eða eftir áramót. **- bj**




**ÁRAMÓTIN** Mikið var að gera í vínbúðum í gær, en þær eru opnar til hádegis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fangi strauk af Litla-Hrauni:

# Var handtekinn á Eyrarbakka

**LÖGREGLUMÁL** Fangi strauk af fangelsinu á Litla-Hrauni í gærkvöldi en var handtekinn skömmu síðar.

Útivist var hjá föngum þegar tveir fanganna tóku á rás og klifruðu yfir girðingu sem umlykur fangelsið. Fangavörður náði öðrum þeirra en hinn hljóp í burtu. Hann var handtekinn skömmu síðar á Eyrarbakka.

Að sögn Margrétar Frímannsdóttur, forstöðumanns fangelsins á Litla-Hrauni, er afar fátítt að menn strjúki úr fangelsinu. Þetta er í fyrsta sinn sem menn strjúka á hennar vakt. „Það er pirringur sem kemur í menn yfir hátíðarnar, sem er eðlilegt,“ segir Margrét.

## BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

**FRAMSÓKNARFLOKKUR:**

**Óskar Bergsson 2,3 milljónir.** Ein milljón kom frá Eykt hf.

Forveri Óskars, Björn Ingi Hrafnsson, skilaði engum upplýsingum.

**SAMFYLKING:**

**Dagur B. Eggertsson: 5,6 milljónir.**

| | |
|---|---|
| Actavis Group hf: | 500.000 |
| Blikanes ehf: | 500.000 |
| Nýsir hf: | 500.000 |
| Landsbankinn hf: | 500.000 |
| Gauti B. Eggertsson: | 500.000 |

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir: 8,1 milljón.**

| | |
|---|---|
| Landsbanki Íslands: | 1.500.000 |
| Baugur: | 1.000.000 |
| FL Group: | 1.000.000 |
| Nýsir: | 1.000.000 |
| Hönnun: | 500.000 |
| Eykt: | 650.000 |

**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:**

**Gísli Marteinn Baldursson: 10,3 milljónir.** Allir sem styrktu Gísla óska nafnleyndar.

**Hanna Birna Kristjánsdóttir: 3,9 milljónir,** þar af hálf milljón frá Landsbankanum.

**Jórunn Frímannsdóttir: 4,2 milljónir.**

Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skiluðu Ríkisendurskoðun engum upplýsingum.



# Framsóknarflokkur fékk 182 milljónir

**Ríkisendurskoðun hefur birt upplýsingar um fjármál stjórnmálalífsins allt aftur til 2002. Guðlaugur Þór Þórðarson fékk 25 milljónir í styrk árið 2007.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisendurskoðun hefur birt á vef sínum upplýsingar um fjárframlög til stjórnmálaflokka allt aftur til 2002.

Framsókn og Samfylking skiluðu umbeðnum upplýsingum á réttum tíma. Sjálfstæðisflokkur skilaði seinna og ekki öllum upplýsingunum. Flokkurinn birtir einungis framlög til flokksskrifstofu sinnar, en ekki til kjördæmafélaga. Því er samanburður á framlögum við aðra flokka villandi. Þá birtir Sjálfstæðisflokkur ekki nöfn þeirra sem veittu fé til flokksins

Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, minnir á að flokkarnir séu ekki skyldugir til að birta upplýsingarnar aftur í tímann. Þegar flokkar eða frambjóðendur segi að nafnleyndar hafi verið óskað sé gengið út frá því að það sé í samræmi við óskir styrkveitanda.

Eins og áður hefur sést eyða frambjóðendur í Sjálfstæðisflokknum mun meira en frambjóðendur annarra flokka. Í kosningabaráttuna 2007 fór Guðlaugur Þór Þórðarson til að mynda með tæpar 25 milljónir, en hæstur í Samfylkingu var Helgi Hjörvar með 5,6 milljónir. **klemens@frettabladid.is**

## FRAMLÖG TIL FRAMSÓKNAR

| | |
|---|---|
| 2002: | 85,5 milljónir |
| 2003: | 123,3 milljónir |
| 2004: | 95,3 milljónir |
| 2005: | 74,6 milljónir |
| 2006: | 182,2 milljónir |

**Þar af 2006:**

| | |
|---|---|
| Baugur: | 8.000.000 |
| BIH stuðningsmenn: | 2.000.000 |
| BNT: | 2.500.000 |
| Eykt: | 5.000.000 |
| Fons hf: | 8.000.000 |
| Glitnir: | 2.500.000 |
| KB banki: | 11.000.000 |
| Landsbanki Íslands: | 3.250.000 |
| Samskip: | 2.500.000 |

Ýmsir lögaðilar óska nafnleyndar.

## FLOKKSSKRIFSTOFA D-LISTA

| | |
|---|---|
| 2002: | 51,7 milljónir |
| 2003: | 72 milljónir |
| 2004: | 60 milljónir |
| 2005: | 42,6 milljónir |
| 2006: | 104,2 milljónir |

Sjálfstæðisflokkurinn gefur ekki upp hverjir styrktu flokkinn og gefur ekki upp um framlög til annarra stofnana flokksins en flokksskrifstofunnar.



## FRAMLÖG TIL SAMFYLKINGAR

| | |
|---|---|
| 2002: | 12,15 milljónir |
| 2003: | 44,1 milljónir |
| 2004: | 11,85 milljónir |
| 2005: | 17,3 milljónir |
| 2006: | 127,8 milljónir |

**Nokkrir styrkir árið 2006:**

| | |
|---|---|
| Baugur Group hf: | 5.000.000 |
| Ker hf: | 3.000.000 |
| Actavis Group hf: | 5.500.000 |
| Landsbanki Íslands hf: | 8.500.000 |
| Íslandsbanki hf: | 5.500.000 |
| Kaupþing hf: | 11.500.000 |
| FL Group hf: | 3.000.000 |
| FL Group hf: | 5.000.000 |
| Exista hf: | 3.500.000 |
| Dagsbrún: | 5.000.000 |

## FRAMLÖG TIL VINSTRI GRÆNNA

| | |
|---|---|
| 2002: | 29,7 milljónir |
| 2003: | 32,9 milljónir |
| 2004: | 29,6 milljónir |
| 2005: | 28,9 milljónir |
| 2006: | 31,8 milljónir |

Þetta yfirlit VG tekur ekki til heildarframlaga. Í þessar tölur vantar framlög til félaga innan flokksins. Þannig fékk VG í Reykjavík til dæmis 17,8 milljónir 2006, sem eru ekki taldar hér.

## FORMENNSKUFRAMBOÐ S-LISTA 2005

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: 5,3 milljónir.** Eina framlagið yfir 500.000 krónum var frá Gunnari Steini Pálssyni, 833.010 krónur.

**Össur Skarphéðinsson: 1,3 milljónir.** Ekkert framlag yfir 500.000 krónum.



## REYKJAVÍKURLISTINN

| | |
|---|---|
| 2002: | 25,5 milljónir |
| 2003: | 9,4 milljónir |
| 2004: | 4 milljónir |
| 2005: | 1,8 milljónir |

Hæsti einstaki styrkurinn er 1,3 milljónir árið 2002, frá Íslenska útvarpsfélaginu.

## FRAMBJÓÐENDUR SAMFYLKINGARINNAR 2007

**Árni Páll Árnason - 3,85 milljónir:**

| | |
|---|---|
| BG invest: | 500.000 |
| Baugur group: | 500.000 |
| Atafl: | 500.000 |
| Kjalar: | 500.000 |
| Landic Property: | 500.000 |
| Auglýsingastofan Gott fólk: | 500.000 |

**Helgi Hjörvar - 5,6 milljónir:**

| | |
|---|---|
| Baugur Group hf: | 900.000 |
| Stoðir hf: | 1.000.000 |



**Kristján L. Möller - 3,85 milljónir:**

| | |
|---|---|
| Samherji hf: | 500.000 |
| Kaupþing hf: | 1.000.000 |
| Landsbanki Íslands hf: | 1.500.000 |

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir - 4,65 milljónir:**

| | |
|---|---|
| Landsbanki Íslands: | 2.000.000 |
| Baugur: | 1.000.000 |
| FL Group: | 1.000.000 |

## FRAMBJÓÐENDUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS 2007



**Guðlaugur Þór Þórðarson - 24,8 milljónir.** Allir sem styrktu Guðlaug um meira en hálfa milljón óska nafnleyndar, en þrír þeirra gáfu honum tvær milljónir hver.



**Illugi Gunnarsson - 14,5 milljónir:**

| | |
|---|---|
| Exista: | 3.000.000 |
| FL Group hf: | 1.000.000 |
| Samson eignarhaldsfélag: | 1.000.000 |
| Atorka Group hf: | 1.000.000 |
| Blátjörn ehf: | 500.000 |

**Ragnheiður Elín Árnadóttir - 5,3 milljónir.** Sundurliðun á framlögum til Ragnheiðar barst ekki Ríkisendurskoðun.

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir - 4,95 milljónir:**

| | |
|---|---|
| Exista: | 1.500.000 |
| Kaupþing: | 1.500.000 |
| Landsbankinn: | 1.500.000 |





Gleðilegt nýtt ár
þökkum viðskiptin á liðnu ári
OPNUNARTÍMI VERSLANA:
31. desember
Opið til 18:00 í Garðabæ og Skeifunni
Opið frá 09:00 - 14:00 í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind, Spöng, Eiðistorgi og á Akureyri
Opið frá 10:00 - 14:00 í Borgarnesi og Njarðvík
1. janúar
Opið frá kl.11:00 í Garðabæ og Skeifunni
Aðrar verslanir – Lokað
2. janúar
Opið allan sólarhringinn í Garðabæ og Skeifunni
Opið til 20:00 í öðrum verslunum
50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hversu margir þingmenn verða í nefnd sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?*

*2. Hvað heitir fráfarandi forsætisráðherra Finnlands?*

*3. Hvað heitir utanríkisráðherra Írans?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Allir sem leggja þurfti inn á gjörgæsludeild með svæsna svínaflensu þurftu að fara í öndunarvél:

# Vænta næsta svínaflensuskots í vor eða haust

**HEILBRIGÐISMÁL** Fólk á að láta bólusetja sig gegn H1N1-inflúensuveirunni, sem einnig er kölluð svínaflensa, þótt faraldurinn sé nú í rénun hér á landi. Þetta segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.

„Segja má að flensan sé að fjara út þótt hún greinist ennþá,“ segir Haraldur. Skráning hjá læknavaktinni og hjá heilsugæslunni sýni að enn séu að koma upp tilvik þar sem fólk hefur veikst af svínaflensu. „Það er kannski á annan tug tilvika,“ segir hann, en það sé lítið miðað við þau þúsund sem veikst hafi áður.

„Við erum hins vegar bara í hálfleik. Heimsfaraldurinn sem slíkur er langt því frá búinn,“ segir Haraldur og kveður þekkt að flensufaraldrar sem þessi gangi alltaf í bylgjum. Því sé mikilvægt að þeir sem enn eiga eftir að láta bólusetja sig við flensunni geri það. „Flensan á eftir að snúa aftur, en hvort það verður í vor eða haust vitum við ekki.“



**BÓLUSETNING** Svínaflensan virðist að mestu gengin yfir hér á landi í bili. Beðið er annarrar umferðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haraldur segir nýjustu tækni hafa bjargað mjög miklu í þessum inflúensufaraldri. Þannig hafi mikið af því fólki sem lagðist inn á gjörgæslu vegna inflúensunnar ekki lifað af nema fyrir þá tækni sem læknar hafi nú aðgang að. Þannig hafi fjórir til fimm þurft að fara í nýja gerð lungnavéla þar sem blóðflæði er tekið út úr líkamanum og mettað með súrefni í vélinni. „Það er gert þegar öndunin bregst algjörlega,“ segir hann. Þá hafi allir sem lögðust inn á gjörgæslu þurft að fara í hefðbundnar öndunarvélar.

Hér á landi eru tvö andlát sem staðfest er að rekja má til flensusmit. „Það eru þau sem við vitum um með vissu. Við höfum grun un um að þau séu fleiri, en getum ekki sannað það.“

- óká


NÁMSSTYRKIR VIÐSKIPTARÁÐS

Viðskiptaráð Íslands auglýsir eftir umsóknum um fjóra styrki til framhaldsnáms erlendis.

- Styrkirnir eru veittir til framhaldsnáms við erlenda háskóla eða aðra sambærilega skóla í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess. Tveir styrkjanna gera kröfu um nám á sviði upplýsingatækni.
- Skilyrði styrkveitinganna er að umsækjendur hafi lokið háskólanámi eða öðru sambærilegu námi.
- Hver styrkur er að fjárhæð kr. 350.000 og verða þeir afhentir á Viðskiptaþingi, **17. febrúar 2010.**

Umsóknir þurfa að hafa borist skrifstofu Viðskiptaráðs Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir kl. **16:00 föstudaginn 29. janúar 2010.**

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Viðskiptaráðs, **www.vi.is.**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Opið í dag til klukkan 14.00

Humar 2.000 kr./kg

Skelflettur Humar

Súper góður í tartarlettur, beint á pönnuna, eða í súpuna.

Laxaflök Beinlaus og Flott.

Risahörpuskel

Risarækjur með skel og án skeljar

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





# Brennur og flugeldar á fullu tungli

**Veðurútlit er afar gott fyrir áramótabrennur og flugelda í kvöld. Kalt verður í veðri en stillt og bjart um allt land. Á höfuðborgarsvæðinu verða sautján brennur. Jólatungl verður í fyllingu á austurhimni.**

**FÓLK** „Það verður kalt og stillt og ágætis flugeldaveður á gamlárskvöld,“ segir Þorsteinn Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Að sögn Þorsteins er veðurútlitið gott alla helgina. Frost verður mest inn til landsins fyrir norðan og austan, allt að fimmtán stig. „En það verður aðeins farið að hvessa úr norðri á sunnudagskvöld,“ segir hann.

Svo vill til að jólatunglið að þessu sinni verður einmitt fullt í kvöld. Þá verður einnig deildarmyrkvi á tungli. Þótt myrkvinn leggist aðeins yfir um átta prósent af tunglinu verður hann samt sýnilegur, að sögn Þorsteins Sæmundssonar stjörnufræðings.

Eins og alltaf verða áramótabrennur víða um land. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur veitt leyfi fyrir sautján brennum á starfsvæði sínu. Kveikt verður í þeirri fyrstu klukkan þrjú í dag. Það er lítil brenna á vegum Fisfélagsins. Hún er við Úlfarsfell skammt ofan við byggingu Bauhaus.

> Það verður kalt og stillt og ágætis flugeldaveður á gamlárskvöld.
>
> **ÞORSTEINN JÓNSSON** VEÐURFRÆÐINGUR

„Þetta er fyrst og fremst félagsbrenna fyrir Fisfélagið en við bjóðum alla velkomna sem vilja vera með okkur,“ segir Árni Gunnarsson hjá Fisfélaginu.

gar@frettabladid.is

Aðgangur að upplýsingum:

# Upplýsingalögin endurskoðuð

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vill að skoðað verði til hlítar hvaða leiðir séu færar til að auka aðgengi almennings og fjölmiðla að gögnum og upplýsingum hjá hinu opinbera. Hefur hún, í því skyni, skipað starfshóp til að endurskoða upplýsingalögin.

Þetta kemur fram í svari ráðherra við fyrirspurn Davíðs Stefánssonar VG.

Á starfshópurinn meðal annars að skoða hvort upplýsingalögin geti náð til hlutafélaga og sameignarfélaga sem alfarið séu í eigu hins opinbera.

- bþs



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR


Gæfuríkt komandi ár
2010
Starfsfólk ISAL í Straumsvík og Rio Tinto Alcan óska landsmönnum gleðilegs árs með kærum þökkum fyrir gifturíkt samstarf í meira en fjóra áratugi.
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2009



**MANNGERÐ EYÐIMÖRK** „Það tók Íslendinga ekki nema um 120 ár frá landnámi að eyða öllum skógi af landinu með þeim afleiðingum að um helmingur af allri gróðurmold fauk á haf út. Ísland er í raun stærsta manngerða eyðimörk í heimi.“ SAMSETT MYND/KRISTINN

# Drög að endurskoðaðri Íslandssögu

Íslendingar hafa aldrei kunnað með verðmæti að fara og hliðstæður við bankahrunið í fyrra má finna víða í sögu landsins. **Gunnar Smári Egilsson** kemst að því að óskynsamlegt hafi verið að kynna skuldabréfavafninga fyrir heimskri þjóð.

Í fyrra féll aldagömul goðsögn um Íslendinga. Um mennina sem flúðu kúgun og ásælni vaxandi ríkisvalds, fólkið sem byggði upp öflugt hámenningarsamfélag og þjóðina sem réði ráðum sínum á Alþingi. Ættirnar sem deildu og misstu að lokum sjálfstæði þjóðarinnar – hið helga gral – í hendur útlendra. Myrkrið og bjargarleysið sem lagðist yfir lýðinn niðurbrotinn, kúgaðan, skítugan, lúsugan... þar til þráin kviknaði og vonin glæddist og trúin efldist; upp úr moldarkofunum skreið endurfædd þjóð sem braut sér leið úr örbirgð útlendrar kúgunar og barðist til bjargálna stoltrar sjálfstæðrar þjóðar. Þjóð númer eitt á flestum sviðum sem á annað borð eru mæld og vegin.

**Á þráð skal sögu spinna**

Það er flestum – öðrum en íslenskum samtímarithöfundum – kunnugt að söguþráður heldur uppi sögu. Einfaldur og sterkbyggður þráður getur haldið uppi mikilli sögu. Á slíkan þráð er hægt að hengja hvað sem er; sálkönnun, lífsspeki, heimsmynd og manngildi. Veikir og teygðir þræðir sem flosna upp ráða hins vegar ekki við þynnstu frásagnir. En það er annað mál.

Þráður hinnar íslensku goðsögu var sterkur og fínn bogi sem hægt var að spenna yfir hvað sem er. Enda upplifðu Íslendingar sína sterku þjóðarsögu sem yfirsögu. Samkvæmt henni var Jesús Kristur frá Nasaret útlendur en Guðmundur góði rammíslenskur kraftakarl sem gat klifrað í klettum, opnað fjallvegi og aukið umferðaröryggi, rifist við andskotann og á sama tíma beitt samferðamenn sína pólitískum bellibrögðum. Ef Jesús hefði fæðst í Norðlingaholtinu hefði hann ekki þurft að gefa trésmíðina upp á bátinn til að messa á sunnudögum. Jón prímus er endurbættur Jesús.

Að sama skapi og ekki hafði reynt almennilega á boðskap frelsarans fyrr en á hann reyndi við íslenskar aðstæður; þannig var um flest annað. Mannréttindi, lögmál hagfræðinnar, mannkosti hins venjulega manns. Það var ekki fyrr en hin óblíðu náttúruöfl hins ósnortna lands höfðu hert fólk og fénað að það varð almennilegt. Er ekki útlent sauðfé hálf kjánalegt með sín lafandi eyru? Og útlendir hestar óþarflega stórir? Og vantar ekki í þá einn eða tvo gíra?

En þessi öflugi sigurbogi íslenskrar goðsögu brast við hrunið. Söguþræðinum var gefið á kjaftinn og hringsnerist í höfði okkar. Hvernig gat það gerst að hin frjálsborna þjóð á eilífri sigurbraut var skyndilega komin í ræsið, athlægi annarra þjóða. Þjóð númer eitt í heimsku og dauðasyndunum sjö. Hinn gullni þráður sögunnar var ekki lengur hin fagra og sanna saga: Ris, fall og endurreisn. Heldur einhver sápa: Ris, fall, endurreisn og síðan syndafall!? Hvernig má skilja þannig sögu?

**Þrenn ekki-viðbrögð við áskorun**

Það var áskorun íslensku þjóðarinnar í kjölfar hruns að endurskoða sögu sína og sjálfsmynd. En það er einkenni þess árs sem nú er að líða, að þjóðin gerði ekkert slíkt uppgjör. Hún brást við áskoruninni sem væri hún ósanngjörn krafa og leiðinleg.

Viðbrögðum fólks má skipta í þrennt.

Fyrsti og stærsti hópurinn tók Bobby Ewing á þetta. Lét eins og síðustu 10-20 ár væru vondur draumur. Hrökk upp eftir hrun, prjónaði sér lopapeysu og hegðaði sér eins og Vigdís væri enn forseti; landið, tungan, þjóðin, sagan og allt það. Lét sem Ólafur Ragnar væri ekki þarna. Útvarpsráð velti fyrir sér að senda út gamla jólamessu með Sigurbirni biskupi með stóru Béi og áramótaskaup með Flosa. Eftir langa íhugun komst ráðið að því að Spaugstofan spannaði hvorutveggja.

Næsti hópur lét sem engrar endurskoðunar væri þörf og við gætum enn notast við rembutól og vænistæki goðsögunnar. Samkvæmt því er ógæfa Íslands útlendum mönnum að kenna og Gordon Brown eins konar Trampe greifi sem trampar á rétti okkar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ný einokunarverslun og nú á að lýsa upp götur Lundúna og Amsturdamms með íslensku lýsi frá Icesave.

Þriðji flokkurinn vildi beita Sturlungu og sá þá hvernig óeiningin og flokkadrættirnir, stórbokkahátturinn og höfðingjasleikirnir höfðu spillt samstöðunni. Á Íslandi rúmast bara ein fylking, ein kjör, ein mállýska og einn málstaður. Lærdómur Sturlungu er að við viljum frekar samstöðuna og friðinn en ósættið, Eddurnar og Sögurnar. Þess vegna bönnum við ættarnöfn og fólk með hærri laun en forsætisráðherra. Við erum ekki bara komin af þeim sem skrifuðu Sögurnar heldur líka þeim sem átu handritin.

Allir þessir hópar eiga það sammerkt að þeir líta á hrunið út frá goðsögninni um Íslendinga. Það sem okkur langar hins vegar að gera er að líta yfir sögu Íslendinga frá sjónarhóli hrunsins.

**Landeyður**

Það tók Íslendinga ekki nema um 120 ár frá landnámi að eyða öllum skógi af landinu með þeim afleiðingum að um helmingur af allri gróðurmold fauk á haf út. Ísland er í raun stærsta manngerða eyðimörk í heimi. Það mætti setja landið sem heild á minjaskrá UNESCO, sem stærsta umhverfisslys sögunnar, og flytja hingað skólabörn hvaðanæva að svo þau mættu líta á og læra af.

Íslendingar eru, ásamt Rapanuifólkinu, útdauðri þjóð Páskaeyja, þekktasta tilfellið af fólki sem er fyrirmunað að aðlagast umhverfi sínu. Landnemar Íslands komu hingað með búskaparhætti Norðmanna, ráku fé til skógar og beittu svínum á ræturnar. Sá var hins vegar munurinn á Íslandi og fjörðum Noregs að íslenski skógurinn náði ekki að endurnýja sig jafn hratt og heima í Noregi og gaf eftir undan beitinni. Í stað þess að draga úr beit eða fækka svínum gerðu Íslendingar ekkert. Þegar síðasta svínið hafði grafið upp síðustu rótina var það étið og liðu nokkur hundruð ár þar til pörusteik var aftur snædd á Íslandi. Eftir húkti féð á veikburða gróðurskáninni sem eftir var.

Með jafnri og stöðugri ofbeit, þannig að landgæði héldust ætíð í lágmarki, réð landið ekki við fleiri en um 400 þúsund fjár. Það var fjöldinn við kristnitöku og allt fram að iðnbyltingunni í Bretlandi. Þá hafði fólki fjölgað svo í borgum og bæjum á Bretlandseyjum að þarlendar sveitir réðu ekki lengur við að brauðfæða allt þetta fólk. Þá auðguðust Jótar á að selja Bretum beikon, sem þeir gera enn. En þörfin fyrir mat handa verkafólki í borgum Bretlands var svo mikil að hingað upp til Íslands komu menn að kaupa sauðakjöt. Sauðirnir voru seldir á fæti um borð í skip á leið til Skotlands.

Íslenskir bændur höfðu ekki séð peninga í um 500 ár þegar sauðasalan hófst um miðja nítjándu öld. Úr varð mikil bóla. Á örfáum árum fjölgaði fé úr 400 þúsund í hátt í 700 þúsund. Allir vildu græða á sauðasölunni. Margir keyptu sér farseðil til Ameríku loks þegar þeir fengu eyri milli handanna. En þessi peningainnspýting varð líka lyftistöng fyrir sveitirnar. Sauðasalan gat af sér fyrstu kaupfélögin og síðar ungmennafélögin. Allt virtist á uppleið þar til einhverjir menn fundu leið til að hraðfrysta kjöt og flytja það frosið langar leiðir. Þá hættu Bretar að kaupa íslenska sauði og keyptu þess í stað nautakjöt frá Argentínu. Þá blómstraði argentínskt efnahagslíf en dróminn lagðist aftur yfir íslenskar sveitir.

Fjölgun sauðfjár úr 400 þúsund í 700 þúsund gekk hins vegar nærri þeirri litlu gróðurskán sem eftir var á landinu. Það gerði síðan illt verra að um það leyti sem sauða-



**Gunnar Smári Egilsson** hefur starfað um árabil við blaðamennsku og útgáfumál.

**Innlendir vendipunktar 2009**

Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til framþúðar á Íslandi.

## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2009

bólan sprakk höfðu Íslendingar fengið innlendan ráðherra og stjórn landsins var flutt niður í Lækjargötu. Þessi nýheimfluttu stjórnvöld tryggðu sér stuðning bænda með því að halda uppi óraunhæfri framleiðslu kindakjöts án sýnilegs markaðar með niðurgreiðslum, útflutningsbótum og reglulegri urðun offramleiðslunnar.

Þannig leið mestur partur tuttugustu aldar. Allt of margt fé nagaði landið niður í kviku. Þar sem Íslendingar vilja ekki axla ábyrgð töldu þeir sér trú um að landið væri svona bert og illa haldið sökum þess hversu ungt það væri.

Um 10.000 ár eru liðin síðan ísaldarjökullinn hopaði af landinu. Surtsey er 46 ára og er þegar orðin iðagræn.

### Ekki bændur heldur hirðingjar

Allir vita að fjármálaheimurinn byggir á hugsun bænda. Vextir eru akkúrat það sem orðið segir: Vöxtur búsmala eða gróðurs. Sá sem lánar bónda fyrir sáðkorni vill eiga hlutdeild í vexti kornsins fram að uppskeru. Bóndinn getur tekið áhættuna og greitt fasta vexti byggða á uppskerureynslu liðinna ára. Eða látið lánveitandann taka áhættu og gert framvirkan kaupsamning um uppskeruna á fyrir fram ákveðnu verði. Slík viðskipti heita afleiðuviðskipti. Þannig er ekkert ævintýralegt eða skrítið í heimi fjármálanna fyrir þann sem hefur reynslu af búskap.

Gallinn við Íslendinga er að þeir hafa enga reynslu af búskap – ekki í venjulegri merkingu þess orðs.

Af ræktartúnum bænda í dag eru gömlu bæjartúnin innan við eitt prósent. Í ellefu hundruð ár heyjuðu íslenskir bændur því aðeins nóg til að halda búfénu á lífi í eina til tvær vikur þegar harðfrerinn var svo mikill að féð gat ekki krafsað sig niður á einhverja tuggu. Ef vetur urðu harðir og langir drapst féð og fólkið í kjölfarið. En það varð ekki til þess að íslenskir bændur geymdu hey í hlöðum. Hlöður voru óþekktar í íslenskum sveitum þar til milli stríða og fjárhús þar til eftir seinna stríð.

Hefðbundinn íslenskur landbúnaður á því ekkert skylt við hefðbundna búskaparhætti í Evrópu eða Ameríku, þar sem bændur leggja fyrir til mögru mánaðanna og áranna. Íslenskur búskapur gengur út á að siga búfénaði á villtan gróður og treysta því að þetta reddist einhvern veginn. Og halda í þá trú þótt augljóst sé að hún standist ekki.

### Hirðingjar til sjós

Þrátt fyrir að vera umkringdir einum gjöfulustu fiskimiðum heims sneru Íslendingar ætíð inn til landsins. Þeir vildu borða magál, svið og lundabagga en litu ekki við gjöfum hafsins. Söfnuðu fjallagrösum en ekki þangi. Þegar fátæklingar hrökkluðust í ver tóku þeir með sér skjátur og sveitina. Engum datt í hug að draga sjávarfang upp til sveita. Íslenskir sjómenn tóku því með sér búskaparhættina út á sjó.

Rétt um mannsaldri eftir að Íslendingar fóru að stunda sjávarútveg sem atvinnugrein hafði þeim tekist að eyða norsk-íslenska síldarstofninum; fiskistofni sem áður metti fátækt fólk yfir vetrarmánuðina allt frá nyrstu byggðum Noregs suður í Bæheim og frá Bretlandsströndum inn í mitt Rússland. Í stað þess að veiða síldina til manneldis fóru Íslendingar að bræða hana í dýrafóður og til áburðar. Með því að reisa mjölverksmiðjur í hverjum firði gátu þeir sótt síldina lengra út og veitt lengur úr stofninum. Í mjölvinnslu skipti ekki máli þótt síldin væri úldin og ónýt. Verðmætið var hins vegar aðeins brot af því sem hægt var að fá fyrir saltsíld til manneldis. Sjálfsagt mætti reikna út hvað þessar aðgerðir kostuðu þjóðarbúið; að innleysa síldarstofninn á lægsta verði í stað þess að nýta hann til lengri tíma og hæsta verðs. En enginn íslenskur hagfræðingur hefur sýnt því áhuga. Reyndar vilja Íslendingar ekki viðurkenna að þeir hafi eytt síldinni. Síldin kemur og síldin fer, segja þeir spekingslega.

Snemma vors undanfarin ár hafa stærstu skip íslenska fiskiflotans siglt á suð-austur-útjaðar landhelginnar til veiða á makríl. Makríll er feitur og frábær matfiskur, eins konar súper-síld. Hann gengur hins vegar inn í íslenska lögsögu áður en hann kemst í form sem góðfiskur til manneldis. Íslendingar veiða hann samt. Og í raun skiptir ekki máli þótt makríllinn sé of magur til manneldis; það er svo langt á miðin frá Íslandi að aflinn væri hvort eð er úldinn þegar hann kæmi að landi. Íslendingar bræða því allan makríl sem þeir komast yfir. Og eru að gera þær þjóðir geðveikar sem kunna með makríl að fara. Þær skilja ekki hvers vegna einhver vill veiða makríl og búa til úr honum 5 aura afurð þegar fá má 500 kall úr sama fiski tveimur mánuðum síðar.

### 200 mílur innleystar

Á tæplega tuttugu ára tímabili náðu Íslendingar yfirráðum yfir öllum miðum í kringum landið. Fyrst var landhelgin færð út í 12 mílur, þá 50 mílur og loks 200 mílur. Lokasigur vannst árið 1976. Sjö árum síðar höfðu stjórnvöld flutt eignarhaldið á fiskistofnunum í kringum Ísland til útgerðarmanna. Níu árum eftir það heimiluðu stjórnvöld útgerðarmönnunum að veðsetja kvótann sinn. Með því gátu þeir innleyst allan þann hag sem þeir gátu haft af auðlindinni næstu tíu til fimmtán árin. Þeir gátu farið niður í Landsbanka og fengið fiskinn í sjónum staðgreiddan. Það var síðan innheimtutæknilegt atriði að sækja fiskinn, verka hann og koma á markað.

Þrátt fyrir rómantík og þjóðernisupphafningu landhelgisstríðanna eru þau fremur saga af því þegar um hundrað manns náðu á rétt rúmum 40 árum að fá útborgað matsvirði stærsta hluta af öllum fiskistofnum í Norður-Atlantshafinu. Þessi saga snertir okkur hin sáralítið eða ekki neitt. Og hún fjallar heldur ekki um fiskiveiðistjórnun eða auðlindanýtingu.

Það er löngu vitað að miklar náttúruauðlindir geta haft eyðileggjandi áhrif á efnahag ríkja. Í gegnum auðlindirnar flæða ókeypis verðmæti inn í samfélagið, raska jafnvægi þess og ryðja burt allri annarri starfsemi. Innan skamms tíma getur vinnsla auðlindanna því eytt meiri verðmætum úr öðrum geirum en nemur þeim verðmætum sem þær skapa. Þetta hljómar öfugsnúið, en svona er þetta samt. Þau ríki sem búa að miklum auðlindum njóta almennt minni hagvaxtar og velsældar en ríki sem engar auðlindir eiga.

Þar sem þetta er öllum ljóst hafa ríki gripið til þess ráðs að einangra áhrifin af auðlindunum. Olíusjóði Norðmanna er þannig óheimilt að fjárfesta innanlands. Hinar miklu auðlindir Norðmanna hafa




## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2009

vissulega greitt upp skuldir ríkisins, haldið uppi verðmæti norsku krónunnar og tryggt norskum stjórnmálamönnum svigrúm til að kaupa sér endalaus atkvæði upp eftir dreifðum byggðum landsins með alls kyns niður-, upp- og jöfnunargreiðslum. Eftir sem áður eru áhrifin af hinum mikla olíuauði Norðmanna hlutfallslega miklu minni á norskt þjóðlíf en til dæmis olíuauður Sádi-Araba á Arabíu.

Íslendingar hafa talið að þessi lögmál giltu ekki hér. Ekkert hefur verið gert til að minnka neikvæð efnahagsleg áhrif af auðlindum lands og sjávar. Þvert á móti. Stjórnvöld hafa reynt að ýkja þau sem mest. Þau létu sér ekki nægja að láta árlegan hag af auðlindunum streyma um efnahagslífið heldur bjuggu þau svo um hnútana 1992 að þá máttu útgerðarmenn steypa margra ára arði af auðlindinni í einni hendingu yfir samfélagið. Sú ákvörðun skekkti undirstöður íslensk efnahagslífs með afleiðingum sem enn sjást og mælast.



**ÞORSKAR Á ÞURRU LANDI** „Þegar Íslendingar sneru sér loks að þorskveiðum í byrjun síðustu aldar voru þeir um tuttugu ár að ná um þriðjungs markaðshlutdeild á saltfiski í Evrópu. Þessi innrás á markaðinn leiddi hins vegar til um 50 prósenta verðlækkunar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Stríðs-, saltfisks- og verðbólgugróði

Svona má ráfa fram og til baka um sögu íslensku þjóðarinnar og rekast á hliðstæður við hrunið í fyrra. Í stríðslok voru Íslendingar auðugastir allra þjóða per haus. Auðlegðina mátti rekja til yfirverðs á fiskafurðum vegna fæðuskorts í stríðinu. Korteri seinna voru Íslendingar sú þjóð sem þáði mesta Marshall-aðstoð per haus. Það er enn verðugt umhugsunarefni hvað varð um stríðsgróðann.

Þegar Íslendingar sneru sér loks að þorskveiðum í byrjun síðustu aldar voru þeir um tuttugu ár að ná um þriðjungs markaðshlutdeild á saltfiski í Evrópu. Þessi innrás á markaðinn leiddi hins vegar til um 50 prósenta verðlækkunar. Sjálfsagt má reyna að nálgast það með útreikningum hversu miklu minna Íslendingar hefðu mátt veiða til að fá meiri hag af veiðunum.

Á áttunda áratugnum streymdu um 500 til 600 milljarðar króna á núvirði frá eldri sparifjáreigendum til Sambandsins, Kolkrabbans og yngri og miðaldra húsbyggjenda í gegnum neikvæða vexti í banka- og lífeyrissjóðakerfinu. Þetta voru afleiðingar þess að þak var sett á vexti í tíð vinstristjórnarinnar 1971-74. Það átti að vera aðgerð til að bæta fyrir afleiðingar síldarhrunsins á fjárhag heimilanna í landinu – einskonar skjaldborg þess tíma.

Frá hruni hefur helst mátt ráða af umræðunni að Íslendingum hafi verið nauðgað í svefni af geimverum – svo vitnað sé í vinsælustu frétt News of the World. En því miður er séríslenski þáttur hrunsins í furðu miklu jafnvægi við aðra þætti þjóðarsögunnar.

### Auðlind lánsfjármarkaðarins

Fram yfir síðustu aldamót nutu Íslendingar einskis lánstrausts í útlöndum. Ástæðan var ekki endilega sú að Íslendingar væru ekki traustsins verðir heldur var landið of langt í burtu og þjóðin of fámenn til að nokkur banki sæi ástæðu til að setja sig inn í íslensk málefni. Eina bankastofnunin sem lánaði til Íslands að einhverju ráði var Hambros, banki danskra gyðinga sem flutt höfðu til Bretlands og sérhæft sig í lánveitingum til ríkisstjórna, banka og stórfyrirtækja í Skandinavíu.

Íslandsdeildin í Hambros var lengst af þrír menn, sem þó sinntu öðrum verkum einnig. Og það verður að segjast eins og er að þetta voru ekki bestu menn bankans. Það fólust skýr skilaboð um takmarkaðar líkur á starfsframa í því þegar starfsmenn voru settir í Íslandsdeildina. Á móti kom að starfið var ekki flókið og reyndi lítt á menn. Hefð hafði myndast fyrir að Hambros lánaði aðeins íslenska ríkinu, ríkisbönkunum – og þá helst Landsbankanum, sem hafði milligöngu um lán til hinna bankanna – og síðan Landsvirkjun og Sambandinu. Annað á Íslandi var of lítið og vesælt til að starfsmenn Hambros nenntu að skilja. Þeir skildu reyndar ekki þau fyrirtæki sem þeir þó lánuðu til. Þegar stefnumörkun stjórnar bankans lá fyrir um 10 eða 15 prósent útlánaaukningu að jafnaði hringdu starfsmenn Íslandsdeildarinnar vanalega í fjármálastjóra Sambandsins og buðu honum ný lán. Sem hann þáði án undantekninga. Allt þar til Sambandið kafnaði af skuldum sínum. En Hambros tapaði engu á hruni Sambandsins. Íslensk stjórnvöld sáu að ef svo færi gæti þessi eina uppspretta lánsfjár frá útlöndum lokast. Landsbankinn sá því til þess að erlendar skuldir Sambandsins voru greiddar. Og komst í þrot stuttu seinna.

Þessi var reynsla Íslendinga af alþjóðlegri bankastarfsemi allt þar til einhver verkfræðingur í vinnu hjá stórri bankastofnun úti í heimi fann upp skuldabréfavafninginn.

Skuldabréfavafningurinn frelsaði bankaheiminn frá baunatalningu gamla tímans. Hið hefðbundna bankamódel gekk út á að útibússtjórinn þekkti viðskiptavini sína, gæti metið lánshæfni þeirra og lánað út í takt við það. Þetta var íhaldssamt kerfi, svifaseint en þokkalega öruggt. Með skuldabréfavafningum gátu bankar hins vegar áframselt lánin og losnað þar með undan áhættu á að skuldarinn stæði ekki í skilum. Þetta hljómaði vel og virkaði vel. Allt þar til í ljós kom kom að allri ábyrgð hafði verið eytt úr bankastarfsemi. Engar hömlur voru lengur á hverjir gátu fengið lán. Fólk með engar tekjur, engar eignir og enga vinnu fékk lán til húsnæðiskaupa í Bandaríkjunum. Taumlaus aðgangur að lánsfé spann upp eignaverð sem aftur gaf bönkum trú á aukna veðhæfni eignanna og möguleika á enn frekari lánveitingum. Og svo koll af kolli. Þar til allt sprakk í loft upp.

Íslendingar nutu skuldabréfavafninganna á sama hátt og atvinnu- og eignalausir Bandaríkjamenn. Þeir voru í hópi þeirra sem enginn hafði áhuga á að lána, samkvæmt hinu hefðbundna bankamódeli. Upp úr aldamótum gátu íslenskir bankar fyrst endurselt lán úr bókum sínum á alþjóðlegum mörkuðum. Sæmilegur skriður var kominn á þessi viðskipti um 2003-04. Árið 2006 höfðu allir bankar í heiminum lokað á allar lánveitingar til Íslands. Íslendingar höfðu étið upp þessa nýju auðlind á aðeins rúmum tveimur árum.

Eftir lánaveisluna eru 2/3 íslenskra fyrirtækja gjaldþrota vegna óhóflegrar lántöku og um 1/3 heimila. Allir bankar, Seðlabankinn, rúmur helmingur sveitarfélaga og orkufyrirtækin eru á hausnum. Skuldirnar sliga fjölmiðlana, tónlistina og heilbrigðiskerfið. Íslendingar geta ekki einu sinni farið í sund án þess að vera minntir á skuldirnar. Aðeins þeir huguðustu hafa lyst á að fara bunu í myntkörfu-rennibrautinni.

### Allir ljúga

Þegar horft er yfir Íslandssögu er erfitt að verjast þeirri hugsun að Íslendingar kunni að vera vel gert fólk – svona einir og sér. En þegar þeir koma saman er eins og hver vitleysan reki aðra. Íslendingar virðast vera heimskur hópur.

Eitt einkenni ársins sem er að líða er það sem kalla mætti Guðrúnar-Ósvífursdóttur-isma. Úr því að Íslendingar geta ekki verið ríkastir og bestir vilja þeir vera þjáðastir og verstir. Þeir hafa nú gengið um grenjandi í 15 mánuði, sannfærðir um að enginn eigi bágara en þeir. Samt bendir margt til að samdráttur landsframleiðslu verði aðeins rétt undir meðaltali helstu nágrannaríkja. Skuldsetning þjóðarbúsins eftir uppgjör á þrotabúum banka og stórfyrirtækja verði undir meðaltali samanburðarríkja, atvinnuleysi harla lítið og ástandið almennt ekki svo slæmt. Hlutabréfavísitalan íslenska hrundi vissulega neðar en annars staðar þekkist, en það var vegna þess að bankar og eignarhaldsfélög höfðu hrakið alla mikilvæga starfsemi út úr Kauphöllinni. Hrun vísitölunnar segir því fátt um stöðu almennra atvinnufyrirtækja. Svipaða sögu er að segja um fasteignaverð. Það er ekkert annað en gleðiefni að það lækki duglega frá vitleysisverðinu 2007. Ef það gerðist ekki værum við í virkilegum vanda.

Með þessu er ég ekki að segja að enginn sé vandinn. Þvert á móti glímir margt fólk við alvarlega skuldsetningu frá bólutímanum. Skuldirnar hækka og eignaverð lækkar, tekjurnar minnka og skattarnir hækka. Fyrir þá sem hafa spennt bogann er þetta ömurleg blanda. En það bætir ekki að þurfa að hlusta á þá sem hafa lagt allt undir mála skrattann á vegginn og þykjast síðan vera að glíma við hann.

Þekkja hefur mátt gamalkunna veikleika íslensks samfélags í opinberri umræðu eftir hrun. Sá augljósasti er að umræðunni er ætíð beint að manninum en ekki því sem hann segir. Leiðarahöfundur Moggans – sem þó er Íslandsmeistari í íþróttinni – líkti þessu við að fara í manninn en ekki boltann. Þeim sem það gerir í fótbolta er vísað af vellinum. Og þannig er það víðast erlendis. Þar fær fólk ekki birtar eftir sig greinar sem eru vangaveltur um mannkosti manna og ástæður þess að þeir haldi fram tilteknum skoðunum. Það tíðkast heldur ekki að stilla slíkum ummælum fram fremst í fréttatíma eða á forsíður blaða. Hér á landi er þetta hins vegar megininntak allrar umræðu og frétta. Það er varla hægt að lesa blöð og enn síður hlusta á umræður í þinginu – hvað þá að lesa blogg – fyrir endalausum blammeringum og skítkasti manna í millum.

Eftir hrun hefur þessi ósiður magnast svo mjög að nú ganga flestir þeirra sem enn hanga í umræðunni út frá því að allir aðrir séu að ljúga. Auðvitað er það svo að enginn mælir fram sannleikann hreinan. En það hefur ekki aftrað fólki hingað til frá því að eiga samskipti. Þegar við gerum ráð fyrir að allir ljúgi er hvergi haldfesti og umræðan sekkur einfaldlega til botns í drulluna.

Og það er ef til vill vegna þess hvert umræðan er sokkin að okkur finnst ekkert hafa þokast og ekkert hafa breyst. Áður stærði fólk sig af því sem það átti en nú kvartar það yfir því sem það hefur misst. Rembingsleg sjálfsmynd Íslendinga, sem án efa dró þá lengra út á foraðið en aðrar þjóðir, er enn helsta viðmið umræðunnar. Ofan á þá vitleysu hefur bæst almennt vantraust gagnvart náunganum, illmælgi og ásakanir sem haldið er á lofti í nafni aukins siðgæðis og réttlætis.

Þess vegna er eðlilegt að enda þetta á að spyrja hvort Guð ætli þá ekki að blessa Ísland!




N1

# Stöndum vörð um Ísland á nýju ári

Starfsfólk N1 um allt land er mjög stolt af því að fyrirtækið sé einn helsti styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. N1 og Landsbjörg eiga það sameiginlegt að standa vaktina á meira en 100 stöðum, í þéttum hring kringum landið.

N1 þakkar viðskiptavinum sínum til sjávar og sveita kærlega fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Um leið viljum við þakka liðsmönnum í Landsbjörgu sérstaklega fyrir fórnfýsi og óeigingjarnt starf í þágu þjóðarinnar. Gleðilegt nýtt ár!

**Meira íslenskt í leiðinni**

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG




Fiton/SÍA F1000000



Fíton/SÍA



Hreindýr við Grenisöldu á Fljótsdalsheiði í desember 2009. Ljósmynd: Ari Magg.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hinsti dagurinn:

# Svo rís um aldir árið hvurt um sig

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Svartur skammdegismorgunn og borgin hvílir hljóð við sundin; stundin áður en erillinn hefst. Aðeins útvarpið vakir og ef stillt er milli rása berast tíðindin misbrýn: fiðrildi í suðlægari löndum laga sig að breyttu tíðarfari, furðurnar á þinginu eftir næturlangar þrásetur og næturfundi vekja sterka löngun um tíðindaminni daga, hversdagslegt amstur en ekki æ skertari hlut, æ minna vit, sanngirni og drengskap. Lengi má manninn reyna.

Svo fer að birta og fólk fer á stjá, ljósin kvikna í gluggunum niðureftir götunni, við lýsum upp rýmin okkar eftir efnum og ástæðum, vitandi að bráðum víkur nóttin og það morgnar, ljósið kemur yfir fjöllin þar sem byggðin kúrir í skugganum. Og við göngum til starfa, lífið heldur áfram. Um dreifðar byggðir í borg, þorpum og sveitum gengur fólk til verka sinna.

„Svo rís um aldir árið hvurt um sig / eilífðar lítið blóm í skini hreinu." orti Jónas Hallgrímsson einn nýársmorgun eftir dimma og erfiða hátíðardaga fyrir löngu, einstæðingur á erlendri grund, vanheill og vonlítill: „Mér er það svo sem ekki neitt í neinu, / því tíminn vill ei tengja sig við mig." Viljum við ekki kannast við þessa tíma, þekkja þá sem okkar, þegar þeir vitja okkar dagarnir fullir af geig og óvissu? Argaþrasið sífellt og margvíslegt, tíðindi full af mótsagnakenndu málastappi, hverjum má trúa? Skal rofið milli valdastéttanna og alþýðu manna enn dýpka, sárið í vitund samfélagsins stækka og dýpka, sársaukinn verða ríkari svo vitundin deyfist, þrengir enn hringinn um það sem við vitum og viljum kannast við sem bjargráð og trú okkar til að halda áfram, halda samfélagsgerðinni saman? Sést brátt til sólar?

„Eitt á eg samt, og annast vil eg þig, / hugur mín sjálfs í hjarta þoli vörðu, / er himin sér, og unir lágri jörðu, / og þykir ekki þokan voðalig." yrkir hann enn: máttur okkar er samur þó í dvala sé, höggdofa, og brátt rís ný sól og verkin kalla. Einhverjum verður það til lífs áfram að halda til streitu sjónarmiðum í valdaþrefi. Fjöldinn mun finna sviðann lengi og fátt bendir til nokkurra sátta í samfélaginu svo mörg sem álitamálin verða og hart tekist á um skuldaskil hjá háum og lágum, þeim sem hæst hreyktu sér og mest misstu í fallinu, jafnvel það sem brothættast er, æruna, eins og hinum sem voru trúir yfir litlu og misstu mikið samt. Fjárskaða má bæta og lifa við, en mannskaða bætir ekkert. Okkur er hver hönd dýr og nú þurfum við síst iðjulausar hendur.

Því það er verk að vinna: „Ég man þeir segja: hart á móti hörðu, / en heldur vil eg kenna til og lifa,/ og þótt að nokkurt andstreymi ég bíði, …" Aflabrestinn þekkjum við, aflsbrestinn verðum við nú að þola, sem er slæmt þegar við verðum að taka okkur tak. Aftur hljóma orð skáldsins: „en liggja eins og leggur upp í vörðu, / sem lestastrákar taka þar og skrifa / og fylla, svo hann finnur ei – af níði." Ekkert er óhollara en ganga inn í nýtt ár, erfiðan tíma, bjartari tíma en með hugann fullan af heift og meinbægni. Gefum okkur þá óskastund að okkur auðnist að fara mót erfiðleikum og mótdrægni með góðan vilja og bættan styrk sem veganesti. Og farsælt ár veitist okkur þannig.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mikið stjóraval

Skattar á áfengi og tóbak hækka núna um áramótin og því þarf að breyta allri verðlagningu á þessum vörum. Það hefur líklega ekki reynst erfitt verk fyrir hið góða starfsfólk Vínbúðarinnar. Í það minnsta bendir allt til að verkinu hafi verið mjög vel stýrt. Þegar listi yfir starfsfólk skrifstofu Vínbúðarinnar er skoðaður kemur nefnilega í ljóst að þar er mikið stjóraval. Af 45 starfsmönnum skrifstofunnar eru nefnilega 12 stjórar af öllum stærðum og gerðum. Forstjóri, aðstoðarforstjóri, innkaupastjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri, markaðsstjóri, skjalastjóri, vöruhússtjóri, öryggisstjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og tveir framkvæmdastjórar.

### Mér finnst sandur vondur

Fréttavefurinn AMX kallar sig fremsta fréttaskýringavef landsins og stóð sannarlega undir þeirri hógværu nafngift þegar hann gróf nýverið upp að Þorsteinn Pálsson hefði skipt um skoðun varðandi Evrópusambandið. Hann hefði nefnilega einu sinni verið því andvígur – nánar tiltekið árið 1994. Að fimmtán árum síðar væri hann á annarri skoðun þykir ritstjórn AMX fréttnæmt. Í því ljósi vill undirritaður taka það fram að yfirlýsing sem gefin var á Dalvík árið 1976 um að mér þætti sandur góður stendur ekki. Mér finnst sandur vondur.

### Nýr framkvæmdastjóri

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og félagar í Framsóknarflokknum réðu nýjan framkvæmdastjóra til flokksins í fyrradag. Sá heitir Hrólfur Ölvisson og er viðskiptafræðingur sem hefur lengi starfað í flokknum og verið nákominn S-hópnum. Hann sat í fjáröflunarnefnd flokksins og var með Þórólfi Gíslasyni, kaupfélagsstjóra og fleirum í fulltrúaráði Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Þar var sýslað með fé án hirðis í félaginu Gift, sem tapaði millj- örðum á hlutabréfakaupum í Kaupþingi og Exista. Hrólfur var lengi stjórnarformaður Vinnumálastofnunar meðan framsóknarmenn réðu í félagsmálaráðuneytinu.

kolbeinn@frettabladid.is

# Enn við áramót



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Misskipting og kreppur

Ástand heimsins nú er nokkuð gott á heildina litið og horfurnar einnig góðar. Svo er þrátt fyrir allt einkum fyrir að þakka staðgóðri þekkingu á efnahagsmálum og getu helztu þjóða heims til að læra af fenginni reynslu langt aftur í tímann. Fyrir ári óttuðust margir, að heimsbúskapurinn myndi hafna í djúpri lægð í kjölfar bankahruns í Bandaríkjunum og víðar, jafnvel svo djúpri lægð og langvinnri, að samanburður við heimskreppuna 1929-39 kynni að eiga við. Óttinn greip einkum þá, sem af hugmyndafræðilegum ástæðum höfðu hafnað lækningunni, sem fannst við djúpum lægðum eftir kreppuna miklu. Lækningin er tvíþætt. Hún felst í ströngu aðhaldi og eftirliti með bönkum og öðrum fjármálastofnunum til að tryggja, að þær fari ekki sjálfum sér og öðrum að voða. Lækningin felst einnig í vilja og getu almannavaldsins til að fylla skörðin, sem einkaframtakið skilur eftir sig í efnahagslífinu, þegar það missir kjarkinn og heldur að sér höndum.

Ríkið getur rétt einkaframtakinu örvandi hönd með því að auka útgjöld og almannaþjónustu eða lækka skatta og safna skuldum um skeið. Þessi leið er fær, þegar skuldir eru viðráðanlegar. Til þessara ráða var gripið í fyrra með samstilltu átaki helztu iðnríkja undir forustu Bandaríkjamanna og Breta. Átakið skilaði þeim árangri, að óttinn við nýja heimskreppu hvarf. Manna mestan þátt í þessum árangri átti löngu látinn hagfræðingur, John Maynard Keynes (1883-1946), faðir þjóðhagfræðinnar. Þessi leið er þó ekki fær þeim löndum, sem hafa haldið illa á fjármálum sínum og hafa því ekki svigrúm til að safna frekari skuldum. Þar skilur nú, eftir hrun, milli Íslands og nálægra landa.

### Misskipting skiptir máli

Bandaríkin stóðu á barmi hengiflugs haustið 2008. Um það mátti hafa margt til marks, þar á meðal undirmálslán ábyrgðarlausra banka til húsnæðiskaupa fólks með tvær hendur tómar. Önnur skýr vísbending var aukin misskipting af völdum rangsleitinnar skattastefnu ríkisstjórnar Bush forseta. Frá 1970 til 2005 hækkaði hlutfall forstjóralauna og launa óbreyttra starfsmanna í bandarískum fyrirtækjum á heildina litið úr þrjátíu í næstum 300. Þessi þróun hefði átt að hringja viðvörunarbjöllum. Aukin misskipting stafar yfirleitt öðrum þræði af sjálftöku, sem er að sínu leyti ávísun á illa meðferð fjár. Aukin misskipting vestra 1920-30 var meðal fyrirboða kreppunnar miklu. Aukin misskipting hér heima 1993-2007 samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra hefði með líku lagi átt að hringja bjöllum, en hún gerði það ekki. Stjórnvöld og erindrekar þeirra, sem þrættu fyrir misskiptingu af völdum kvótakerfisins, þrættu einnig fyrir aukna misskiptingu af völdum skattastefnu ríkisstjórnarinnar, þótt rangsleitnin blasti við. Hagstofan hreyfði varla legg eða lið til að lýsa þróun tekjuskiptingarinnar og veitti óprúttnum stjórnmálamönnum og öðrum svigrúm til að þræta. Hagstofan óttaðist kannski að bíða sömu örlög og Þjóðhagsstofnun og Samkeppnisstofnunin gamla, sem voru lagðar niður í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf.

### Kompásinn var skakkur

Aukin misskipting olli ekki hruni bankanna, en ósannindi og sinnuleysi stjórnvalda um hana voru eitt skýrasta sjúkdómseinkennið. Um þetta sagði ég í áramótapistli á þessum stað á gamlársdag 2003:

„Um það leyti sem ríkisbankarnir hér heima hættu að geta mismunað mönnum í skjóli neikvæðra raunvaxta, upphófst í staðinn skipuleg mismunun í gegnum kvótakerfið. Stjórnmálaflokkarnir, sem skipulögðu þessa mismunun í upphafi og höfnuðu markaðslausnum á borð við gjaldtöku fyrir veiðiréttinn, hafa goldið vanrækslunnar: þeir hafa veikzt og spillzt, svo sem við var að búast. Þingstyrkur þeirra hefur aldrei verið minni en hann er nú. Kompásinn hjá þeim hefur ruglazt, enda þótt þeir hafi á endanum látið undan síga með því að lögfesta lítils háttar veiðigjald. Kompásskekkjan virðist hafa ágerzt með tímanum. Sjálftökusamfélagið, þar sem menn skipa sjálfa sig og hverjir aðra í embætti, selja ríkisfyrirtæki á undirverði og halda ítökum sínum þar, gera vandræðalega eftirlaunasamninga við sjálfa sig og mylja undir einkavini sína og amast um leið við öryrkjum án þess að blikna og þræta svo fyrir allt saman: þessi skipan er eins og skilgetið afkvæmi siðaveiklunarinnar á bak við kvótakerfið. Myndu Bush og félagar hafa eitthvað við þetta að athuga? Varla. En ranglæti er eins og annað illgresi: það breiðist út, nema það sé rifið upp með rótum. Þarna er verk að vinna með hug og orði. Endurreisnin úr rústum hrunsins þarf að taka mið af réttum kompási.

# Ólíkar leiðir

UMRÆÐAN

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um borgarmál



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Undarlegt er hversu margir virðast ekki skilja mikilvægi þess að eyða minna en þeir afla. Fyrir hrun átti þetta t.d. við um alla helstu banka og fjárfestingarfélög landsins en þeir sem að þeim stóðu höfðu lítinn áhuga á að halda kostnaði innan skynsamlegra marka. Þeir trúðu að hægt væri að auka tekjur endalaust og því skipti kostnaðurinn ekki máli. Þetta reyndist rangt og því fór sem fór.

Ríkisstjórn Íslands hefur að nokkru leyti tileinkað sér þetta viðhorf. Allt þetta ár hefur legið fyrir að mikill halli verður á rekstri ríkissjóðs. Líkt og bankarnir fyrir hrun treystir ríkisstjórnin á að tekjur vaxi en lætur útgjaldahliðina afskiptalitla. Þegar haft er í huga að tekjur ríkisins fást með sköttum frá einstaklingum og fyrirtækjum, og að geta þeirra til að greiða hærri skatta hefur snarminnkað, er nánast útilokað að slík lausn gangi upp.

Reykjavíkurborg horfir fram á sams konar verkefni. Tekjur borgarinnar fást með sköttum á laun og fasteignir Reykvíkinga. Báðir þessir liðir dragast nú saman og því munu tekjur borgarinnar minnka á næstu misserum. Leið ríkisstjórnarinnar, heimfærð á borgina, fælist í því að hækka útsvar og fasteignaskatta. Vinstri græn í borgarstjórn hafa nú þegar lagt þetta til. Þetta finnst okkur, sem stjórnum borginni, ófær leið á sama hátt og hún reyndist ófær hinum föllnu bönkum og mun reynast ófær í ríkisrekstrinum.

Að þessu sögðu verður borgin að reyna allt hvað hún getur til að minnka útgjöld. Þetta höfum við sjálfstæðismenn gert á kjörtímabilinu samhliða því að forgangsraða verkefnum. Við höfum einsett okkur að verja þjónustu sem snýr að velferðarmálum og börnum í borginni og horfum þá m.a. til reynslu Finna sem sýnir að langtímaáhrif kreppu felast oft í því hvernig börnum reiðir af löngu eftir að samdráttarskeiði lýkur. Velferðar- og skólamál taka til sín 60 prósent af tekjum borgarinnar og því er ljóst að þetta er verkefni sem krefst útsjónarsemi og áræðni. Krafa borgarbúa hlýtur þó að vera sú að þetta takist án skattahækkana.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Gleðilegt nýtt ár
Munum að nota hlífðargleraugu
og eigum örugg og ánægjuleg áramót
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
SJÓVÁ
Sjóvá er einn af aðalbakhjörlum Landsbjargar

# 2010 – ár uppgjörs og sátta

Árið sem nú er að líða var mörgum erfitt. Það var ár viðbragða við hruni gengis og banka, ár mótmæla, stjórnarskipta, kosninga og fjárhagsvanda. Það var einnig árið þegar hrein meirihlutastjórn jafnaðarmanna og félagshyggjufólks tók við stjórnartaumunum í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins.

Sögulegt hlutverk núverandi ríkisstjórnar er uppgjör og endurreisn íslensks efnahagslífs eftir hörmulegan viðskilnað ríkisstjórna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Þetta hefur reynst vandasamt viðfangsefni en stjórnin hefur sýnt staðfestu og náð öllum helstu markmiðum sínum á árinu. En verkefnið er rétt að hefjast. Framundan eru spennandi tímar við mótun íslensks samfélags og skiptir miklu að ríkisstjórninni takist að festa jafnaðarstefnuna í sessi svo hér geti þróast farsælt velferðarþjóðfélag í norrænum anda.

Ég tel að Íslendingar hafi brugðist skynsamlega við efnahagserfiðleikum í kjölfar gengishruns og falls bankanna. Fjölmörg afrek hafa verið unnin á ýmsum sviðum þjóðlífsins – inni á heimilunum, í fyrirtækjum og hjá opinberum stofnunum. Okkur hefur því gengið mun betur á árinu en spár gerðu ráð fyrir.

Í stað efnahagshruns, sem allt stefndi í við upphaf árs, virðist staðan á Íslandi nú sambærileg við efnahagsvanda margra annarra ríkja í okkar heimshluta. Þetta á m.a. við um samdrátt í efnahagslífinu, atvinnuleysi og skuldastöðu hins opinbera. Sá árangur er í raun ótrúlegur þegar haft er í huga að hér hrundi bæði gjaldmiðillinn og bankakerfið í einu vetfangi – nokkuð sem hvergi hefur gerst í vestrænu ríki á friðartímum.

Glíman við ríkisfjármálin og skuldavanda ríkissjóðs verður óneitanlega erfið á næstu misserum. Helstu ástæður skuldaaukningar ríkissjóðs vegna falls bankanna eru fjórar:

1. Nauðsynlegt verður að reka ríkissjóð með miklum halla um nokkurra ára skeið til að milda áfallið. Hallinn mun nema 500-600 milljörðum króna eða 30-40% af landsframleiðslu.

2. Greiða þarf um 300 milljarða króna kostnað vegna tæknilegs gjaldþrots Seðlabanka Íslands, upphæð sem nemur ríflega 20% af landsframleiðslu. Það er sláandi að auknar skattaálögur á einstaklinga nema sambærilegri upphæð og vextir og verðbætur af framlagi ríkissjóðs vegna þeirra mistaka sem gerð voru í Seðlabankanum í aðdraganda bankahrunsins.

3. Icesave-skuldbindingin, sé miðað við 88% endurheimtur úr búi Landsbankans, mun kosta sem nemur 10-15% af landsframleiðslu.

4. Kostnaður við endurreisn bankanna mun nema 135 milljörðum króna en hann er þó 250 milljörðum lægri en á horfðist og sparar það ríkinu veruleg vaxtagjöld strax á þessu ári.

Ríkisstjórnin hefur kappkostað að hlífa þeim verst settu í samfélaginu eins og kostur er. Á góðæristímum, í stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, hækkuðu skattar á tekjulægstu fjölskyldurnar um rúm 7% en lækkuðu um 6,9% hjá þeim tekjuhæstu. Nú, á þessum krepputímum, lækka hins vegar skattar fólks með mánaðartekjur undir 270 þúsund krónum. Til að létta skuldabyrði verst settu heimilanna hafa vaxtabætur einnig verið auknar um 4,5 milljarða króna á árinu. Það skiptir því sannarlega máli hverjir stjórna landinu, nú þegar mikilvægt er að jafnræði og réttlæti ríki við endurreisn efnahagslífsins.

Horfur eru á að um miðbik næsta árs verði umskipti til hins betra í efnahagsmálum þjóðarinnar og að örla taki á hagvexti að nýju. Þá bíða okkar einnig mikilvægar samningaviðræður við ESB. Þær geta ráðið miklu um efnahagslegt öryggi þjóðarinnar til frambúðar og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

Mikilvægt er sömuleiðis að árið 2010 verði tími uppgjörs og sátta. Rannsóknarnefnd Alþingis mun skila skýrslu um orsakir hrunsins í byrjun ársins. Þar þarf allt að koma fram í dagsljósið og ekkert má skilja undan. Það er mikilvægt forsenda þess að sátt náist í samfélaginu og samstaða um þróttmikla endurreisn.

Ríkisstjórnin hefur siglt þjóðarskútunni í rétta átt og gengið í verkin af krafti. Á árinu 2009 hefur styrkur íslensks samfélags að sama skapi komið vel í ljós. Við áramót er mér því efst í huga þakklæti til almennings í landinu.

Ég þakka landsmönnum dugnað þeirra og þrautseigju á árinu sem er að líða og óska þeim árs og friðar.

*Höfundur er forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.*



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

# Kaflaskil

Árið sem nú rennur sitt skeið á enda hefur verið okkur Íslendingum erfitt vegna ástæðna sem öllum eru kunnar. Um leið eru þó sem betur fer góðar líkur á að ársins verði minnst fyrir þá þrautseigju sem þjóðin sýndi við erfiðar aðstæður og þess árs þar sem grunnur var lagður að endurreisn íslensks efnahagslífs. Í upphafi árs ríki mikil reiði, svartsýni og ótti í samfélaginu en almenningur sýndi með fjölmennum mótmælum að enn bjó von um betri tíð í brjósti fólks. Mótmælin leiddu á endanum til stjórnarskipta og Alþingiskosninga þar sem minnihlutastjórnin sem sat fram að þeim fékk fullt umboð kjósenda og varð að meirihlutastjórn.

Ríkisstjórnin hefur síðan reynt að svara kallinu um endurbætur og siðbót þó vissulega megi alltaf gera betur. Meðal annars hefur hún leitast við að aðstoða einstaklinga og heimili sem glíma við fjárhagsörðugleika í kjölfar hrunsins. Má þar nefna hækkun vaxtabóta, heimild til útgreiðslu séreignasparnaðar, frestun allra nauðungaruppboða auk fjölbreyttra úrræða fyrir þá sem glíma við greiðsluerfiðleika. Þá hefur verið lögð áhersla á að efla og auka trúverðugleika eftirlitsstofnana, t.d. með nýrri og faglegri yfirstjórn í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu auk þess að stórefla embætti sérstaks saksóknara. Ríkisstjórnin hefur þannig með verkum sínum áorkað miklu þó aðstæður til björgunar- og endurreisnaraðgerða hafi verið erfiðar.

Á árinu hefur einnig tekist að endurreisa bankakerfið á mun hagstæðari hátt fyrir ríkissjóð en nokkurn hafði órað fyrir – 250 milljörðum króna minni bein fjárútlát og 46 milljörðum króna lægri vaxtagjöld á þeim árum sem nú mætast. Þá er mikilvægt að þetta tókst í samráði við helstu kröfuhafa bankanna, sem bætir samskiptin við þá og dregur úr líkum á málaferlum. Einnig tókst að koma böndum á ríkisfjármálin þannig að afkoma ríkissjóðs er mun betri en á horfðist um tíma og í samræmi við fjárlög sem samþykkt voru í lok síðasta árs. Auk þessa hefur tekist að tryggja þau lán sem þurfti til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Þá eru betri horfur á þróun verðbólgu, atvinnuleysis og um minni samdrátt í landsframleiðslu auk þess sem vextir hafa lækkað hratt síðustu mánuði.

Ekki má heldur gleyma að ýmis framfaramál hafa náð fram að ganga á árinu þrátt fyrir erfiðleikana og sýnir það að stundum er viljinn allt sem þarf. Skal þar fyrst nefna nýtt tekjuskattskerfi sem mun verja hina tekjulægstu fyrir skattahækkunum og dreifa byrðunum á allt annan og réttlátari hátt en áður. Þá má einnig nefna hærri grunnframfærslu námslána, skýra og metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum, kaup á vændi hafa verið bönnuð, lög sem bæta stöðu sprotafyrirtækja hafa verið samþykkt, Varnarmálastofnun verður lögð niður á nýju ári og svona mætti lengi telja.

***Sú þrautaganga sem við erum að ganga í gegnum mun aðeins verða til þess að styrkja okkur svo fremi við ýtum allri vanmáttarkennd til hliðar, stöndum saman og styðjum við þá sem höllustum fæti standa.***

Nauðsynlegt er að við þessi áramót verði gerð skýr kaflaskil við fortíðina. Nú skal hefjast kaflinn þar sem hið nýja Ísland rís úr öskustó frumbernsku síns fullveldis og þroskast sem stolt, sjálfstæð, friðelskandi smáþjóð sem axlar sína ábyrgð og skuldbindingar jafnhliða því að standa fast á rétti sínum. Sú þrautaganga sem við erum að ganga í gegnum mun aðeins verða til þess að styrkja okkur svo fremi við ýtum allri vanmáttarkennd til hliðar, stöndum saman og styðjum við þá sem höllustum fæti standa. Árið 2015 eða 2025 munum við líta til baka og hugsa stolt til þess hvernig við gengum í gegn um kreppuna, lögðum okkar af mörkum og gleðjumst yfir því að það hafi tekist. Aðalatriðið er að þegar til baka verður litið þá gengu þessi „móðuharðindi“ yfir, þó af mannavöldum væru, rétt eins og önnur og þjóðin sigraðist á þeim með þolgæði sínu og þrautseigju.

Þar sem ég stend og svipast um í lok árs sé ég að mikið hefur áunnist og að enn meiri bati er í sjónmáli, en hann mun ekki verða af sjálfu sér. Örlög Íslands eru í höndum okkar Íslendinga, engra annarra. Ísland hefur allt sem þarf og óendanlega mikið af því sem svo marga aðra vantar. Gleymum því ekki að við erum ein af ríkustu þjóðum heims, og þótt við stöndum í efnahagslegum hremmingum, sem vissulega eru miklar, eru þær þó fjarri því að vera okkur ofviða.

*Höfundur er utanríkisráðherra og formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.*




bionic
TECHNOLOGY BY OSSUR

*Össur hf. óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*

ÖSSUR
*Life Without Limitations*

# Hvatning til þjóðarinnar

Viðburðaríkt ár er senn á enda. Þrátt fyrir miklar sviptingar á flestum sviðum hefur lítið þokast og fátt áunnist. Íslenska þjóðin stendur að mestu frammi fyrir sömu vandamálunum og hún gerði í upphafi árs.

Íslendingar eiga þó alla möguleika á að vinna sig út úr efnahagskreppunni á farsælan hátt. Til þess þarf skýr leiðarljós, samráð og samstöðu um grundvallarákvarðanir, því sagan sýnir að þegar íslenska þjóðin stendur saman vegnar henni vel.

Stefna stjórnvalda undanfarna tvo áratugi um eflingu menntunar skiptir miklu við þessar aðstæður og vegna auðlinda okkar og sterkra innviða erum við í öfundsverðri stöðu í flestu tilliti samanborið við aðrar þjóðir.

Nú skiptir öllu að stjórnvöld beiti hvetjandi aðgerðum til að blása þjóðinni kjark í brjóst og tiltrú á framtíðarmöguleika okkar. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á líðandi ári munu á hinn bóginn hafa letjandi áhrif, því hærri skattar og þyngri álögur draga úr frumkvæði og lama sköpunarkraft. Sú hætta steðjar að okkur að þjóðin missi móðinn, hætti að trúa á að hún geti sigrast á erfiðleikunum. Slíkt vonleysi hefur gríðarlega neikvæð áhrif á uppbyggingu samfélagsins.

Nú þarf að örva atvinnulífið, en ekki brjóta það niður. Nýta verður auðlindirnar til verðmætasköpunar og atvinnuuppbyggingar, í þjónustu, iðnaði og á öðrum sviðum. Heimilin í landinu verða einnig að fá svör við því hvernig bregðast á við skuldavanda þeirra. Meðan á þeim svörum stendur aukast líkur á að ungar fjölskyldur, sem ástandið bitnar hvað verst á, missi móðinn.

Ríkisstjórnin hefur á síðustu mánuðum eytt öllum sínum kröftum í að fá Icesave-málið samþykkt á Alþingi. Þeir samningar sem liggja málinu til grundvallar fela í sér mestu mistök íslenskrar ríkisstjórnar í áraraðir. Niðurstaða málsins gengur gegn hagsmunum Íslendinga en tekur þess í stað mið af þeim kröfum og skilmálum sem viðsemjendur okkar hafa þvingað fram og ríkisstjórnin gefið eftir. Það er því ekki ofmælt að segja ríkisstjórnina hafa brugðist hagsmunagæsluhlutverki sínu fyrir almenning.

Komist Sjálfstæðisflokkurinn til áhrifa við landsstjórnina mun það verða fyrsta verk okkar að leita allra leiða til þess að rétta hlut íslensku þjóðarinnar sem hefur svo illilega verið fyrir borð borinn. Það er skylda okkar gagnvart framtíðarkynslóðum þessa lands og undan henni munum við ekki hlaupast.

Sagan geymir mörg dæmi um meiri erfiðleika en þá sem við fáumst nú við og við Íslendingar höfum sigrast farsællega á. Af sögunni má bæði draga lærdóm og sækja kjark og baráttuþrek. Það er einnig mikilvægt að við nýtum reynslu annarra þjóða, þeirra sem best hefur tekist að vinna sig út úr áföllum.

Brýnt er að að byrja á að ávinna sér traust og trúverðugleika þegna sinna með aðgerðum sem samstaða hefur verið um. Það er best gert með skýrri framtíðarstefnu, aðgerðaráætlun og ítarlegri greiningu á vandanum sem við blasir. Mikilvægt er að leggja kapp á að lágmarka atvinnuleysi og nýta þekkingu og þann mannauð sem í fólkinu býr, m.a. með því að byggja upp hugvit og verkvit í atvinnulífi og menntakerfi. Þeim hefur farnast best sem sýnt hafa aðhald í ríkisrekstri, forðast óþarfa skuldsetningu og sagt sóun stríð á hendur. Nauðsynlegt er einnig að nýta til hins ýtrasta tækifæri til uppbyggingar, á þeim grunnstoðum atvinnulífsins sem fyrir eru, sem og á vettvangi nýsköpunar. Af þessari reynslu eigum við Íslendingar að læra, nýta okkur mun betur en gert hefur verið og snúa af þeirri braut sem ríkisstjórnin er lögð af stað eftir.

*Nú skiptir öllu að stjórnvöld beiti hvetjandi aðgerðum til að blása þjóðinni kjark í brjóst og tiltrú á framtíðarmöguleika okkar.*

Sjálfstæðisflokkurinn mun hér eftir sem hingað til leggja áherslu á uppbyggingu og framfarir á þessum forsendum.

Á næstu vikum mun rannsóknarnefnd Alþingis kynna niðurstöður sínar. Þær þarf að taka alvarlega, ræða af yfirvegun og nýta á uppbyggilegan hátt meðal annars með hliðsjón af reynslu annarra þjóða. Af þeim þurfum við að læra og á grundvelli þeirra meta hvernig endurskipuleggja beri stjórn- og eftirlitskerfi með það að markmiði að tryggja að sagan endurtaki sig ekki. Lánist okkur það munum við standa sterkari eftir.

Fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins óska ég landsmönnum öllum árs og friðar og velfarnaðar á komandi ári.

*Höfundur er formaður Sjálfstæðisflokksins.*



BJARNI BENEDIKTSSON



sumarferdir.is

# GLEÐILEG JÓL
# OG FARSÆLT KOMANDI ÁR!

Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða og hlökkum til að sjá ykkur á nýju og spennandi ferðaári!



SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

# Samstöðu er þörf

Við viljum öll búa í sanngjörnu samfélagi. Við þráum þjóðfélag jafnréttis, heiðarleika og réttlætis.

Í gegnum tíðina hef ég unnið víða og starfað með alls konar fólki. Það hefur allt borið gæfu til þess að vinna saman að lausn mála með hag heildarinnar að leiðarljósi. Persónulegur ágreiningur eða eiginhagsmunapot hefur ekki átt upp á pallborðið og ef menn hafa verið ósammála um leiðir að settu marki er farið betur yfir málið og fundin ásættanleg lausn. Því voru viðbrigðin mikil þegar sest var í einn hinna bólstruðu en þó óþægilegu stóla á Alþingi Íslendinga í vor.

**Verkefnið stóra**

Í rúmt ár hefur ríkt neyðarástand á Íslandi. Efnahagskerfið hrundi og allt samfélagið er laskað. Okkar dýrmætasta auðlind, fólkið sjálft, streymir úr landi í leit að bjartari framtíð. Ríkisstjórn Íslands er ekki öfundsverð því verkefnið er risavaxið og gengur hægt. Og það er auðvelt að gagnrýna hana, ekki síst vegna vinnubragða sem eru allt önnur en boðuð voru fyrir kosningar. Almenningur krefst gagnsæis, heiðarleika og hreinskilni frá stjórnvöldum. Engu að síður hefur ríkisstjórnin ítrekað orðið uppvís að því að leyna bæði þjóð og þing upplýsingum og beita blekkingum og er nærtækasta dæmið samningurinn um Icesave sem við vitum nú að var tilbúinn löngu fyrir kosningar. Þá bólar ekkert á margboðaðri skjaldborg um heimilin en aðgerðir „norrænu velferðarstjórnarinnar“ hafa reynst henta kúlulánaþegum og afleiðusamningamönnum betur en venjulegu fólki, fólki sem tók húsnæðislán í góðri trú en situr eftir með síhækkandi stökkbreyttan höfuðstól. Leiðrétting á þeim ósköpum er sjálfsögð og réttmæt krafa því allar forsendur hafa brostið og það er ólíðandi að þeir sem komu okkur í þetta klandur fái skuldir sínar afskrifaðar og haldi öllu sínu á meðan heimilum og smærri fyrirtækjum blæðir út.

**Er þetta „Nýja Ísland“?**

Raunveruleg endurreisn mun ekki takast nema með sátt og samstöðu okkar allra. Síðustu misserin hefur ríkt grimmileg valdabarátta, orrusta um það sem eftir er, á milli gamalgróinna stjórnmálaflokka, viðskiptablokka og ættarvelda. Hrægammarnir slást um þrotabúin, bankana og fjölmiðlana og engin fórn virðist of stór. Stundum finnst mér sem verið sé að klambra „Nýja Íslandi“ saman úr fúnum spýtum. Gamlir flokksgæðingar eru dubbaðir upp í ný hlutverk innan kerfisins og iðnaðarráðherra vill veita ísbjargarvíkingnum skattaívilnanir á þeim forsendum að ekki megi mismuna fólki. Vinir ráða hvor annan í æðstu stöður innan bankanna sem hafa verið einkavæddir á ný en enginn veit hver á. Á virkilega að halda áfram að útdeila bitlingum til útvaldra? Það mun aldrei skapast sátt um slíka endurreisn.

**Við þurfum þjóðstjórn**

Flest viljum við búa hérna áfram en til þess að það sé vænlegur kostur þarf stórhreingerningu. Það er ósanngjarnt að þeir sem tóku ekki þátt í hrunadansinum þurfi að taka til eftir partíið en tiltekt af þessari stærðargráðu gengur mun betur þegar fleiri taka sér sóp í hendi. Margar hendur eru viljugar til verksins – það þarf bara að þiggja hjálpina.

Alþingi er máttlaust og minnihlutinn er hunsaður af meirihlutanum. Stjórnarandstaðan er svo iðin við að benda á afglöp ríkisstjórnarinnar. Menn benda hver á annan og ásakanir ganga á víxl á meðan eldarnir loga. Og þannig hefur þetta alltaf verið. Orð eins og „stjórnarandstaða“ segir í raun allt sem segja þarf – samvinna við slíkt fólk er óhugsandi. En þetta gengur ekki lengur. Við verðum að koma okkur upp úr skotgröfunum og taka höndum saman. Það mun ekki gerast af sjálfu sér, fólk þarf að ákveða að grafa stríðsöxina. Í sumar skapaðist þverpólitísk samstaða á Alþingi um smíði fyrirvara sem gerðu Icesave-samninginn bærilegri og tryggðu sjálfræði okkar. Þingheimur þarf að finna þann takt aftur og taka upp þau góðu og eðlilegu vinnubrögð sem tíðkast á langflestum vinnustöðum landsins. Ef ekki mun sjóða aftur upp úr á nýju ári og ég óttast að sú bylting verði ekki kennd við búsáhöld.

Samstöðu er þörf. Við viljum öll búa í sanngjörnu samfélagi. Við þráum þjóðfélag jafnréttis, heiðarleika og réttlætis. Látum annað liggja milli hluta um stundarsakir.

*Höfundur er þingmaður Hreyfingarinnar.*



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

# Það er enn gott að vera Íslendingur



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Nú árið er liðið í aldanna skaut, og aldrei það kemur til baka! Sjálfsagt er ekki til ófrumlegri byrjun á áramótagrein, en mörgum mun eflaust þykja þetta brot úr ljóð Valdimars Briem hafa jákvæðari merkingu núna en oft áður. Líklega vilja fæstir fá þetta erfiða ár aftur. Það er eins og hafís hafi legið við strendur landsins. Eilífur kuldi, engin spretta og engin uppskera. Var eitthvað hægt að gera kunna margir að segja, var ekki allt hrunið, gátum við gert betur, eitthvað öðruvísi? Já. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hafi verið hægt að gera betur. Mun betur.

Það hefur verið gæfa Íslendinga, allt frá upphafi byggðar, að þrátt fyrir marga kalda vetur og vot sumur hefur uppgjöf ekki verið valkostur. Sá baráttuandi sem landið og aðstæður þess hafa blásið íbúunum í brjóst hefur alltaf haft sigur. Þennan eiginleika verður að virkja við þær erfiðu aðstæður sem uppi eru. Gefa verður fólki trú á, að það sem verið er að gera muni skila sér í bættum hag til skemmri og lengri tíma litið. Það hefur ekki tekist sem skyldi. Tökum tvö dæmi; säralítið hefur verið komið til móts við fólk sem lenti í gífurlegum hækkunum lána vegna aðstæðna sem það ber ekki ábyrgð á, á sama tíma og fjármagnseigendur héldu öllu sínu. Það var gott að vernda sparifjáreigendur, en ósanngjarnt að fórna þeim skuldsettu. Í öðru lagi má nefna að sú tilfinningin bærist með mörgum að stjórnvöld hafi í raun ekki lagt sig öll fram við að halda sjónarmiðum Íslendinga á lofti í deilunni um ríkisábyrgðina á Icesave-reikningunum. Bretar og Hollendingar, með fulltingi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sóttu að Íslendingum með niðurlægjandi hætti. Nota hefði átt andstöðuna við þetta mál hér innanlands, til að sameina þjóðina. Vekja þá von í brjósti að verið væri að berjast fyrir hennar hag. Það var slælega gert. Stjórnvöld hafa barist fyrir því að fá óréttlætið samþykkt á Alþingi og lögum sem Bretar og Hollendingar í raun sömdu, er þvingað í gegnum þingið. Þetta misbýður réttlætiskennd fólks og einnig hvernig að öllu þessu vonda máli var staðið.

Það er gott að vera Íslendingur og oftast gaman. Landið mótar lífsviðhorf okkar og af landinu hefur þjóðin lifað. Svo mun verða áfram og tækifærin hafa kannski aldrei verið eins mörg og nú um stundir. Gæði okkar eru eftirsóknarverð; mannauðurinn, fiskurinn, orkan, hugvitið, kalda vatnið, heita vatnið, hreina loftið, það er sama hvar okkur ber niður. Í raun eru kostir landsins ótrúlega margir þrátt fyrir allt. Verkefni stjórnmálamanna er að sjá til þess að framtaksamir einstaklingar fái notið sín til heilla fyrir þjóðina. Stjórnmálamenn eiga ekki að ákveða hvað fólk tekur sér fyrir hendur, heldur setja almennar reglur um hvernig hlutirnir eru gerðir, þannig að allir sitji við sama borð. Það er nóg til af fólki á Íslandi sem vill láta til sín taka, það þarf bara að skapa umgjörðina svo þetta fólk komist af stað. Það verður ekki gert með stórfelldum skattahækkunum eða innbyrðis deilum í ríkisstjórn um, hvað má og hvað má ekki. Þjóðin þarf að finna það og sjá að verið sé að berjast fyrir hagsmunum hennar. Ég vil leyfa mér að halda því fram að í þeim efnum hafi ríkisstjórnin brugðist. Ekki af því að hana skorti viljann, heldur af því að hún fór ranga leið. Stjórnin telur að sín leið muni skila sér eftir langa mæðu, og við skulum vona að svo verði, en hefðbundin ráð vinstri manna munu ekki nú frekar en endranær færa okkur þá hagsæld sem að er stefnt. Sagan hefur kennt okkur að ófgarnar til hægri og vinstri eru varasamar. Það á sérstaklega við um Íslendinga. Það er hreinlega andstætt eðli þeirra að láta yfirvöld gína yfir öllu, stóru smáu, og skammta sér úr hnefa. Íslendingar hafa ríka sjálfsbjargarviðleitni, þurfa atvinnu og athafnafrelsi, en ekki gamaldags og hættulega forræðishyggju.

Verkefni nýs árs verður að búa svo um hnútana að hér eflist atvinnulíf, því það verður að draga úr atvinnuleysi. Atvinnuleysið er undirrót svo margra annarra vandamála, að á því verður að taka af meiri hörku en gert hefur verið. Lífsbaráttan öðlast nýjan tilgang með vinnu, fólk getur staðið betur í skilum og vonin um að til einhvers sé barist kviknar á ný. Ég hef engar áhyggjur af okkur ef við nýtum sóknarfærin. Það er gott að vera Íslendingur í þeirri baráttu sem fram undan er, og ég hlakka til að leggja mitt af mörkum, eins og ég hef reynt að gera allt þetta ár. Höfum hugfast að það er í lagi að bogna um skeið, en brotna megum við aldrei.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*




Veiðihornið - Síðumúla 8 - 108 Reykjavík - sími 568 8410 - veidihornid.is




**VÍKIÐ, VÍKIÐ** Forsætisráðherra átti í miklu basli með að komast frá vinnustað sínum, Stjórnarráðinu, einn janúardaginn þegar Ísland var svo gott sem í hers höndum. Tugir lögreglumanna bægðu æstum múgnum frá svo að ráðherrann kæmist leiðar sinnar. Þeir gátu þó ekki komið í veg fyrir að ráðherrabíllinn fengi yfir sig svolítið af eggjum og súrmjólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Nokkur augnablik í lífi þjóðar*

Árið 2009 er sögulegt og verður skráð sem slíkt í þar til gerðar bækur. Ársins verður minnst fyrir óeirðir í Reykjavík, umrót í pólitíkinni og Icesave-endaleysuna auk margs annars. Sjá má bæði frið og ófrið á myndunum sem ljósmyndarar Fréttablaðsins völdu til að sýna nokkur af augnablikum ársins. Sársauki og örvænting eru þarna líka. Við sjáum hér sjö af þeim rúmlega fimm þúsund myndum sem birtust í blaðinu á árinu.



**VONT – EN BARA Í SMÁSTUND** Svínaflensan kom til landsins á árinu, nokkru áður en bóluefnið barst. Fyrstir til að fá bólusetningu gegn flensunni slæmu voru heilbrigðisstarfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HETJUDÁÐ** Á annan tug hesta og knapa pompuðu niður í ískalda Reykjavíkurtjörnina í febrúar. Riðu þeir yfir ísinn til að kynna mótshald í hestaíþróttum. Brast hann, öllum að óvörum. Fjölni Þorgeirssyni, blaðamanni Hestafrétta, leist ekki á fyrstu björgunaraðgerðir og skellti sér niður í vökina. Tyllti hann hófum hrossanna á lær sér svo þau fengju viðspyrnu og gætu spyrnt sér upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Á VELLINUM** Stuðningsmenn Breiðabliks öskruðu sína menn til sigurs í bikarúrslitaleik karla í knattspyrnu á Laugardalsvellinum í haust. Blikar lögðu Framara að velli eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni og héldu heim í Kópavoginn með fyrsta stóra titilinn í sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FRAMHALD Á SÍÐU 24

Orkuveita Reykjavíkur

# Við erum til taks um áramótin

Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt á gamlárskvöld og nýársnótt. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður. Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um áramótin.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 39973 12/08




• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegs nýs árs.

www.or.is



**ÞITT ER MITT** Hópur fólks hreiðraði um sig í yfirgefnu húsi við Vatnsstíg í Reykjavík í apríl. Taldi það sig í fullum rétti til að hafast þar við enda væri nýtingarréttur eignarréttinum yfirsterkari. Húseigandinn var á öðru máli og morguninn eftir réðist lögregla til atlögu og rýmdi húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BÚIÐ SPIL** Hótel Valhöll á Þingvöllum brann til kaldra kola í sumar. Stuttu fyrir brunann hafði nýr hótelhaldari tekið yfir reksturinn og varið peningum og tíma í að koma hótelinu í gott lag. Tyrft var yfir brunarústirnar og eru litlar líkur á að nýtt hótel verði reist á sama stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**GÓÐUR GESTUR** Dalai Lama, leiðtogi Tíbeta, heimsótti Ísland á árinu. Fjölmenni var við þær opnu athafnir sem hann kom fram á og nokkrir stjórnmálamenn hittu hann á einkafundum. Þeir sátu þá fundi sem einstaklingar, ekki stjórnmálamenn, til að styggja ekki Kínverja. „Þeir sem hugsa eingöngu um peninga og aftur peninga, og völd og aftur völd, ættu að hlúa betur að sínum innri gildum,“ sagði Dalai Lama meðal annars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ELDUR Á AUSTURVELLI** Ófremdarástand ríkti í miðborginni marga daga í röð í byrjun árs þegar fjöldi fólks krafðist afsagnar ríkisstjórnarinnar og aðgerða sér til handa í kjölfar falls bankanna og tilheyrandi erfiðleika. Mótmælunum linnti þegar ljóst varð að ný ríkisstjórn var í spilunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁRAMÓTABRENNUR** í Reykjavík verða ellefu þetta árið. Stærstu brennurnar verða við Ægisíðu, á Geirsnefi, í Gufunesi og Fylkisbrennan við Rauðavatn. Kveikt verður í þeim klukkan hálf níu í kvöld.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






Magnús Skarphéðinsson segir álfana alltaf flytja burt úr þéttbýlinu rétt á undan mönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Álfarnir flytja áramót

**Magnús Skarphéðinsson er maður ekki einhamur og á sér mörg áhugamál. Auk sálarrannsókna er hann í góðu sambandi við álfa og hlynnir að músum, enda stofnandi og forseti Músavinafélagsins.**

„Ég fæ reglulegar fréttir af álfunum og þeir gerðu sér dagamun um jólin en nú eru fardagar hjá þeim. Um áramótin flytjast margir álfar búferlum. Fæstir þeirra búa reyndar á höfuðborgarsvæðinu. Þeim líka ekki mannabyggðir, orkusvæðið þar er svo mettað orkubylgjum af ofnotkun raftækja eins og farsíma, tölva, sjónvarpa og fleiri raftækja sem eyðileggja náttúruna. Þeir skynja orkuna svo vel, líka hugarorkuna og þar er nú allt í steik.

En hvernig líst álfum á áramótin? „Þeim finnst skotgleðin fram úr hófi og hávaðinn mikill. Það er dálítið hamagangur þegar þeir eru að flytja á gamlárskvöld.“ Magnús segist sjálfur ekki hafa séð álfa en ekki sé laust við að hann finni fyrir þeim. „Ég hef hins vegar talað við hundruð Íslendinga og útlendinga sem hafa séð þá. Álfar eru góðar vættir og Íslendingar eru án efa sú þjóð í Evrópu sem ber hvað mesta virðingu fyrir þeim.

Magnús er einnig stofnandi og forseti Músavinafélagsins. „Við erum nú 32 í félaginu en þess má geta að Matthías Johannessen skáld samdi þjóðsöng Músavinafélagsins. „Nú eru harðir dagar fyrir mýsnar og engin hátíð. Flestar láta þær lífið á haustin og veturna en þær sem hafa það af tímgast hratt og lifa skemmtilegu lífi á vorin og sumrin.“

En hvernig kom það til að þú varðst forseti Músavinafélagsins? „Það eru nú áratugir síðan,“ segir Magnús og brosir. „Ég var að vinna sem vaktmaður í stóru vöruhúsi. Stundum, þegar komu sendingar að utan, höfðu nokkrar mýs farið í ferðalagið með þeim og það var eins og menn yrðu trítilóðir þegar þær komu til Íslands, voru með skóflurnar á lofti og notuðu flestar mögulegar aðferðir við að drepa þær. Ég rakst á mannúðarlegar músagildrur í dýraverndunarblaði árið 1975, pantaði nokkrar auk þess sem ég gerði samning við vinnuveitandann um að fæða þær þar til vetrinum lyki. Það var þá sem ég stofnaði Músavinafélagið en um vorið sleppti ég síðan músunum uppi í Heiðmörk. Mig dreymir um að stofna Músahótel Magnúsar en það er enginn skilningur á því þar sem ég bý í fjölbýli að fá að vera með 100-200 mýs í kompunni.“

*unnur@frettabladid.is*










capacent
GLEÐILEGT NÝTT ÁR!
Óskum samstarfsaðilum okkar, viðskiptavinum og umsækjendum, velfarnaðar á nýju ári og þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða.
Kveðja frá starfsfólki Capacent Ráðninga.


vinna.is
GLEÐILEGT NÝTT ÁR
Starfsfólk Vinna.is óskar viðskiptavinum og umsækjendum gleðilegs árs og velfarnaðar á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári.
Kveðja frá starfsfólki Vinna.is

BÓNUS

Óskum landsmönnum gleðilegs nýs árs með þökkum fyrir viðskiptin á liðnum árum.

Starfsfólk og stofnendur Bónus.

**Afgreiðslustími gamlársdag: 09:00 til 14:00**

**Lokað nýársdag**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

**ALEX FERGUSON ER 68 ÁRA Í DAG.**

*„Ég man þegar ég sá hann fyrst. Hann var þrettán ára og skeiðaði um völlinn eins og cocker spaniel að elta snifsi af silfruðum pappír sem fýkur í vindinum.“ (um Ryan Giggs)*

***Skoski knattspyrnustjórinn Alexander Chapman Ferguson, eða Alex Ferguson eins og hann er þekktur, hefur verið stjóri hjá Manchester United í tuttugu og þrjú ár.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. DESEMBER 1696

## *Gluggaskatti komið á í Englandi*

Þennan dag árið 1696 í stjórnartíð Vilhjálms þriðja Englandskonungs var komið á svokölluðum gluggaskatti. Skatturinn var félagslegs eðlis þar sem hann tók mið af ríkidæmi skattgreiðandans. Grunnskattur fasteignar voru tveir skildingar. Fjórir skildingar skyldu greiðast fyrir tíu til tuttugu glugga en átta skildingar fyrir hús með fleiri glugga en tuttugu. Yfirleitt kom það í hlut ábúandans að greiða skattinn en ekki eigandans. Gluggaskatturinn leiddi til þess að margir múruðu upp í gluggana, færri gluggar voru settir í nýbyggingar en hitt var líka til að mjög efnað fólk byggði hús með eins mörgum gluggum og hægt var til að sýna ríkidæmi sitt umfram þá meðalríku. Almennt var skatturinn óvinsæll hjá alþýðu manna og litið á hann sem skattlagningu lofts og ljóss, sömuleiðis voru skilgreiningar á gluggum víðar svo eftirlitsmenn gátu skilgreint alls konar holur og göt sem glugga. Enn í dag má sjá byrgða glugga víðs vegar um England og líka í Skotlandi og Frakklandi þar sem álíka skattar voru teknir upp. Tekjur enska þjóðarbúsins af skattinum voru umtalsverðar allt fram til ársins 1851 þegar fallið var frá skattinum.



**GLUGGASKATTUR** Byrgt upp í glugga.

## MERKISATBURÐIR

**1492** 100.000 gyðingar eru reknir frá Sikiley.

**1783** Bann við innflutningi á svörtum þrælum til Norðurríkjanna í Norður-Ameríku tekur gildi.

**1879** Edison sýnir glóperu opinberlega í fyrsta skipti.

**1935** Charles Darrow fær einkaleyfi fyrir borðspilinu Monopoly.

**1949** Gamlárskvöld í Reykjavík er rólegra en það hefur nokkurn tímann verið. Líklega vegna þess að áramótabrennur voru skipulagðar víðs vegar um bæinn.

**1958** Einvaldur Kúbu, Batista, flýr land.

**1965** Ólafur Thors, fyrrverandi forsætisráðherra, andast, 72 ára.



†

*Okkar kæra,*

**Soffía Theodórsdóttir**
Ljósvallagötu 20,

lést á Landakoti 23. desember og fer útför hennar fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 6. janúar kl. 15.00.

**Systkin og frændsystkin.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ernu Matthíasdóttur**
Mánatúni 4.

**Loftur Þorsteinsson**
**Þorsteinn Loftsson** **Hanna Lilja Guðleifsdóttir**
**Matthías Loftsson** **Kolbrún Þorsteinsdóttir**
**Ingibjörg Loftsdóttir** **Trausti Sigurjónsson**
**Páll Loftsson** **Anna Pála Vignisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Jón Kr. Sigurðsson**
húsgagnasmiður, Stífluseli 6,

lést þann 23. desember síðastliðinn á Landspítalanum. Hann verður jarðsunginn frá Seljakirkju þann 5. janúar kl. 11.

**Margrét Viðarsdóttir**
**Berglind Jónsdóttir** **Vilhjálmur Óli Valsson**
**Guðný Jónsdóttir**
**afabörn**
**Óskar Ágúst Sigurðsson** **Karin McQuillan**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**María Ólína Kristinsdóttir**
Árskógum 6, Reykjavík,

lést á jóladag á Landspítalanum í Fossvogi.

**Gunnlaugur K. Hreiðarsson** **Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Helgi Már Hreiðarsson** **Guðrún Ólöf Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**HRÖNN FRIÐRIKSDÓTTIR:** SKYGGNIST TIL ÁRSINS 2010 FYRIR HÖND ÞJÓÐARINNAR

# Ekki áhyggjur af þjóðarsálinni

Hrönn Friðriksdóttir er spámiðill með aðsetur í skrifstofuhúsnæði við Súðavog. Á kontórnum hennar er rökkvað, fígúrur í hillum og fjölbreyttar myndir á veggjum. Yfir mitt skrifborðið liggja orkusteinar sem mynda eins konar vegg milli blaðamanns og miðilsins sem ætlar að spá fyrir íslensku þjóðinni á komandi ári.

„Sem betur fer þá finnst mér að landinn sé aðeins að komast upp úr kreppunni þótt við séum efnahagslega ekki alveg á leiðinni upp. Ég hef ekki áhyggjur af þjóðarsálinni sem slíkri,“ segir Hrönn án þess að reyna að vera dularfull í röddinni. „Mér finnst fólk vera orðið svo raunsætt og gera sér grein fyrir hverju við eigum von á. Það er lítið sem á eftir að koma okkur á óvart, hið mesta er komið í ljós. Mér finnst barátta í fólki.“

Spurð um gengi krónunnar æjar Hrönn tvisvar og segir það lítið lagast á árinu. „Í peningamálum er ólgusjór fram undan. Eitt stórt sjávarútvegsfyrirtæki mun lenda í miklum hremmingum en smábátaútgerð eflist og mun ganga vel á næstu árum. Eitthvað á eftir að springa í febrúar, eitthvað kemur upp á yfirborðið sem mun hafa afleiðingar.“ Um stjórnmál segir Hrönn að stjórnin muni ekki halda velli og gerist það bráðlega. Núverandi valdhafar muni hverfa frá og nýir leiðtogar sjást í flestum flokkum. „Veistu, það er verið að sýna mér ungan mann sem er í Samfylkingunni sem á eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni, það geta verið tvö ár áður en hann kemst í fremstu víglínu. En hann á eftir að láta mikið að sér kveða, sá drengur,“ segir Hrönn og kinkar kolli lítillega.

Ferðaiðnaður á eftir að aukast mikið. Hekla lætur á sér kræla eftir eitt til eitt og hálft ár. Hrönn sér ekki mikið um jarðskjálfta. Þegar eldsumbrot verða, verða þau á tveimur stöðum með stuttu millibili. Umferðin mun ganga ágætlega á næsta ári. „Enda finnst mér landinn aðeins vera farinn að hægja á sér. Tímarit og svoleiðis eiga eftir að dala mikið og Morgunblaðið er nú alveg á hraðri niðurleið. Það eiga eftir að verða töluverðar breytingar þar innandyra,“ segir Hrönn. Engin gósentíð verður í virkjanaframkvæmdum hér á landi næstu tíu árin. Álverið í Helguvík mun rísa, en framkvæmdirnar verða tafsamar.

Hrönn svarar yfirleitt ekki spurningum um slys en gerir undantekningu. „Þegar ég stokkaði í spilunum áðan, þá var verið að segja mér, að það verður sjóslys og ég á víst að segja það. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að segja svoleiðis. Það verður einhverjum bjargað en ekki öllum. Mér finnst þetta vera fiskiskip,“ segir Hrönn treglega og skiptir um spádómsefni: „Snjórinn er kominn og hann á eftir að haldast nokkuð í vetur, en samt engin brjáluð veður. Mér finnst vorið ekki koma neitt snemma en mér finnst það gott og sumarið er ágætt þegar það kemur. Mér finnst sumarið verða Íslendingum gott svona almennt, það er bjart. Það er það,“ segir Hrönn.

Hrönn telur að atvinnumálin muni ekki hífast almennilega upp fyrr en eftir tvö til þrjú ár. Hún sér ekki þann mikla fólksflótta sem margir tala um. „Ég held að meirihluti af því fólki sem ætlar sér úr landi sé farið eða sé að fara. En ég sé ekki fram á stórkostlega fækkun hér á landi, nei. Nei, alls ekki. Mér sýnist þjóðin ætla að halda áfram að vera dugleg að eiga börn. Og þegar við erum komin þrjú ár fram í tímann þá förum við ofboðslega hratt upp aftur, við gerum það, það eiga eftir að koma góðir tímar aftur. Ég vona bara að það verði ekki svona græðgistímar eins og voru,“ segir Hrönn og um leið skilur blaðamaður að spákonan hefur talað.

**niels@frettabladid.is**



**SPÁÐ Í FRAMTÍÐINA** Hrönn hefur kristalkúlu sér til halds og trausts þótt hún treysti á margt annað til forspáa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Klassískt dagatal Eimskips

Öll þurfum við dagatal til þess að fylgjast með tímanum og um áramótin eru þau fjölmörg sem koma út. Það er gaman að segja frá dagatali Eimskipafélagsins sem hefur nú komið út í 81 ár og hefur verið prentað á hverju ári fyrir utan tvö ár. Hið fyrra var í lok seinni heimsstyrjaldarinnar þegar skortur hamlaði útgáfunni en reyndar er ekki vitað um ástæðuna í seinna skiptið, sem var á sjöunda áratugnum. Frá stofnun Eimskipa hefur dagatalið verið unnið af metnaði og fyrirtækið sent hluthöfum sínum eintak af dagatalinu en hin síðustu ár hefur almenningi gefist kostur á að nálgast dagatalið á skrifstofum félagsins um land allt. Oft er mikið lagt í dagatalið og í ár er þemað sérstaklega skemmtilegt. Að þessu sinni prýða það ljósmyndir af eyjum við strendur Íslands en ljósmyndari er Lárus Karl Ingason og þurfti ýmsar kúnstir, meðal annars flugvélar og þyrlur, til þess að ná bestu myndunum.

**- uhj**



**EYJAN ELDEY** Dagatal Eimskipafélagsins prýða eyjur kringum landið.



**LIST** Bækur Kristínar Marju um listakonuna Karitas hafa notið mikilla vinsælda.



**GERÐUBERG** Á sýningunni eru munir og, litir og tilvitnanir.

# Óreiða í síðasta sinn

Síðasta sýningarhelgi sýningarinnar Óreiðan – söguheimur Karitasar stendur fyrir dyrum í Gerðubergi. Sýningin er byggð á skáldsögum Kristínar Marju Baldursdóttur, Karitas án titils og Óreiða á striga sem var opnuð 31. október síðastliðinn í tengslum við Ritþing Kristínar Marju.

Sýningarstjórn var í höndum Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, leikmynda- og búningahönnuðar, sem myndgerði söguvið og tilfinningar sem vakna með lesendum bóka Kristínar Marju um Karitas. Þetta gerði hún með því að stilla upp hlutum, litum og tilvitnunum.

Söguvsviðið er að mestu úr fyrri bókinni, Karitas án titils. Komið er við á Borgarfirði eystri, í Öræfasveit og París. Hvannadalshnúkur skipar ákveðinn vendipunkt í sögu Karitasar, gangan á tindinn markar ákveðna upprisu hennar sem persónu og listamanns. Sá þáttur sögunnar fær veglegan sess í mikilli stækkun gamalla ljósmynda frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, önnur er af hnúknum sjálfum og hin af víðáttunni sem þaðan sést. Dvölin í París var Karitas að sumu leyti erfið en þó nauðsynleg. Tilvitnanirnar sem prýða veggi sýningarrýmisins eru úr seinni bókinni.

Sýningin verður opin laugardag og sunnudag, 2. og 3. janúar frá klukkan 13 til 16.

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Þórður Jónsson**

Dalbraut 27,

andaðist að morgni jóladags.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét Anna Þórðardóttir**
**Bergur Jón Þórðarson** **Eydís Ólafsdóttir**
**Árnína Jónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Grímur Bjarni Bjarnason**

fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma Ólafsfirði,

lést miðvikudaginn 23. desember á Hornbrekku, Ólafsfirði. Útför hans verður frá Ólafsfjarðarkirkju, mánudaginn 4. janúar kl. 14.00.

**Hrafnhildur J. Grímsdóttir**
**Grímur Grímsson** **Valgerður S. Ebenesardóttir**
**Sigurpáll Grímsson** **Ingibjörg K. Geirmundsdóttir**
**Bjarni Kr. Grímsson** **Brynja V. Eggertsdóttir**
**Sigurður Egill Grímsson** **Katrín B. Bergmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Hermanns Helgasonar**

Hólmgarði 53, Reykjavík.

**Oddný Jónasdóttir**
**Sigríður Helga Hermannsdóttir** **Ian David McAdam**
**Guðbjörg Edda Hermannsdóttir**
**Helga Solveig, Davíð Þór og Oddný Sjöfn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem umluktu okkur með hlýju og samúð við andlát og útför elskulegs föður míns, afa og langafa,*

**Guðbrandar Loftssonar**

fyrrum skipstjóra og bónda, frá Hveravík, Aðalbraut 4, Drangsnesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Hólmavíkur fyrir góða umönnun og alúð. Einnig starfsfólki og læknum á lyflækningadeild Sjúkrahúss Akraness.

**Linda Guðrún Lilja Guðbrandsdóttir**
**Berglind Björk Bjarkadóttir** **Jón Ingibjörn Arnarson**
**Guðbrandur Máni Filippusson**
**Kolbrún Lilja Jónsdóttir**

---



*Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóhannesar J. Björnssonar**

Byggðavegi 90, Akureyri,

sem lést 3. desember síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Bakkahlíðar fyrir hlýju og góða umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Dagný Sigurgeirsdóttir.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Sólveig Kristjánsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

sem lést þann 27. desember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 4. janúar 2010, kl. 13.00.

**Júlíus K. Björnsson** **Elín G. Stefánsdóttir**
**Sigurveig Björnsdóttir** **Jón Einar Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför systur minnar, föðursystur og mágkonu,*

**Guðrúnar Gunnarsdóttur**

frá Reykjum, Fnjóskadal, Dvalarheimilinu Hvammi, Húsavík,

sem lést 7. desember. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilisins Hvamms á Húsavík fyrir hlýja og góða umönnun.

**Tryggvi Gunnarsson**
**Gunnar M. Guðmundsson**
**Þóra K. Guðmundsdóttir**
**Pálína Magnúsdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra bæði innanlands og utan sem sýndu okkur samkennd og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður og tengdaföður,*

**Egils Egilssonar**

Samkennd hjálpar í sorg. Við þökkum sérstaklega góðum vinum í Gnúpverjahreppi og á Flúðum, ásamt kirkjukór Stóra-Núpskirkju fyrir einstakt framlag og óeigingjarna vinnu.

**Guðfinna Eydal**
**Hildur Björg Eydal Egilsdóttir Haraldur P. Guðmundsson**
**Ari Eydal Egilsson**
**Bessi Eydal Egilsson**

---



*Þökkum hlýjar vina - og samúðarkveðjur við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Arnórs Sigurðssonar**

frá Hnífsdal,

sem lést 13. desember sl. Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild 14G á Landspítalanum og starfsfólks á Dvalarheimilinu Felli fyrir einstaka umönnun.

**Guðmunda Arnórsdóttir** **Björn Ástmundsson**
**Málfríður Arnórsdóttir**
**Sigurður Arnórsson** **Sigríður Kristjánsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Ómar Logi Gíslason**

sem lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, þriðjudaginn 22. desember, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 6. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast Loga er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Kolbrún Ýrr Logadóttir**
**Þorgeir Logason**
**Thelma Sylvía Logadóttir**
**Gísli Logi Logason**
**Gísli Felixson**
**Einar Gíslason** **Soffía Þorfinnsdóttir**
**Efemía Gísladóttir** **Skúli Ragnarsson**
**Sigríður Kolbrún Bjarnadóttir** **Guðmundur Aronsson**
**og fjölskyldur.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Hermannsdóttir**

Skálarhlíð, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar laugardaginn 19. desember sl. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 2. janúar 2010 kl. 14.00.

**Björn Jónasson** **Ásdís Kjartansdóttir**
**Guðrún Jónasdóttir**
**Halldóra Jónasdóttir** **Gunnar Trausti Guðbjörnsson**
**Hermann Jónasson** **Ingibjörg Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Inga Hrefna Búadóttir**

hjúkrunarkona, Lynghaga 14, Reykjavík,

lést 22. desember 2009. Útför hennar fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. janúar 2010 kl. 13.00.

**Hafsteinn Bjargmundsson**
**Ingibjörg Eir Einarsdóttir**
**Björn Einarsson**
**Kjartan Einarsson**
**Hrefna Einarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.


FRÉTTABLAÐIÐ


ÞITT
FRÉTTABLAÐIÐ
Gleðilegt nýtt ár!
Fréttablaðið óskar
lesendum sínum
og landsmönnum öllum
heilla á nýju ári
og þakkar samfylgdina
á árinu sem er að líða.

# Afgreiðslutímar um áramót

Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn. Aðalsímanúmer er 543 1000.
Beint innval á bráðamóttöku við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

**LÆKNAVAKT**
Smáratorgi
Vitjanasíminn 1770 er opinn allan sólarhringinn.
Læknavaktin er opin á gamlársdag frá klukkan 9 til 18 og aftur frá klukkan 20.30 til 23.
Á nýársdag er opið frá 9 til 23.30.

**NEYÐARLÍNAN**
Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**RAUÐI KROSSINN**
1717 er Hjálparsími Rauða krossins og er opinn yfir alla jólahátíðina.

**STÍGAMÓT**
Stígamót eru lokuð yfir áramótin. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

**SÁÁ**
Skrifstofur SÁÁ og Bráðamóttakan á Vogi verða lokaðar á gamlárs- og nýársdag. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

**GÖNGUDEILD SÁÁ Í VON**
Efstaleiti 7 í Reykjavík:
Opið í dag, gamlársdag, frá 9 til 12. Nýársdag lokað.

## KVENNAATHVARFIÐ

Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn á gamlárs- og nýársdag. Síminn er 561 1205.

## TANNLÆKNAÞJÓNUSTA

**Gamlársdagur:** Erna Rún Einarsdóttir, Háaleitisbraut 1. Sími 568 2522.
Nýársdagur: Kristinn Þorbergsson, Síðumúla 28. Sími 898 9368.
2.-3. janúar: Egill Kolbeinsson, Grensásvegi 44. Sími 568-6695.

## APÓTEK

**LYF OG HEILSA**
**Gamlársdag:** Opið til kl. 12 nema hjá Lyfjum & heilsu, Kringlunni til kl. 13 og Lyfjum & heilsu, Austurveri til kl. 16.
Öll apótek Lyfja og heilsu eru lokuð á nýársdag.

**LYFJA**
Afgreiðslustaðir Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi verða opnir í dag, gamlársdag, frá 8 til 18 og á morgun, nýársdag, frá 8 til 24.

**LYFJAVAL**
Þönglabakka verður opið í dag, gamlársdag, frá 10 til 13 og lokað á morgun, nýársdag.

**BÍLAAPÓTEKIÐ**
Bílaapótekið Hæðasmára 4 verður opið í dag, gamlársdag, frá 10 til 14 og lokað á morgun, nýársdag.

**ÁRBÆJARAPÓTEK**
Árbæjarapótek verður opið frá 9 til 12 á gamlársdag og lokað á nýársdag.

## STÓRMARKAÐIR

**10-11**
Opið til klukkan 18 í dag, gamlársdag.
Opnað klukkan 11 á morgun, nýársdag, nema í Lágmúla, Dalvegi, Akureyri (miðbæ) og Keflavík verður opnað klukkan 00.30 á nýársnótt.

**11-11**
Opið til klukkan 17 á gamlársdag. Lokað á nýársdag.

**BÓNUS**
Opið frá 10 til 14 í dag, gamlársdag. Lokað á nýársdag.

**KRÓNAN**
Opið í dag, gamlársdag, frá 9 til 15, nema í Vestmannaeyjum er opið til 13.
Lokað á nýársdag.

**NÓATÚN**
Opið í dag, gamlársdag, frá 10 til 14. Lokað á morgun, nýársdag.

**HAGKAUP**
Opið í dag, gamlársdag, til kl. 18 í Skeifunni og Garðabæ. Aðrar Hagkaupsverslanir eru opnar til 14.
Opið á morgun, nýársdag, frá kl. 11, í Skeifunni og Garðabæ. Lokað annars staðar.

## SAMGÖNGUR

**STRÆTÓ BS.**
**Gamlársdagur:**
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstri lýkur um það bil klukkan 14.
**Nýársdagur:**
Enginn akstur.






# *Hátíðarkveðja!*

Ísland er gjöfult og auðugt land. Þjóðin er öflug, vel menntuð, sveigjanleg, afkastamikil, samheldin og samhent. Fjölskyldan er í öndvegi og innviðirnir traustir. Menningararfurinn og saga þjóðarinnar standa á einstökum grunni. Slík þjóð getur aðeins átt sér bjarta framtíð. Hún má þó gjarnan gæta þess að sníða sér stakk eftir vexti, eyða ekki um efni fram og muna að rækta garðinn sinn samviskusamlega – alla tíð.

Góður efniviður í slíkan búskap eru til dæmis gagnkvæm virðing, alúð, aðgætni, ræktarsemi og skipulag. Með hæfilegri blöndu af dygðum eins og tillitssemi, umburðarlyndi, þolinmæði, nægjusemi og umhyggju má stuðla að blómlegri grósku allra þeirra gilda sem telja má ákjósanleg í farsælu samfélagi manna.

Því allt eru þetta endurnýjanlegir eiginleikar – orkugjafar lífsgleði, þakklætis og bjartsýni. Auðlindir sem aldrei ganga til þurrðar meðan ekki er gengið á höfuðstól óendanlegrar uppsprettu kærleikans.

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða og óskum ykkur farsældar á nýju ári.

*Starfsfólk Fjarðarkaupa.*

FK
FJARÐARKAUP
einstök




# Margfalt góðverk

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Í kvöld munu margir strengja heit. Það er hefð fyrir því um áramót. Heitin geta verið af ýmsum toga og eins misjöfn og við erum mörg. Flest snúast þau þó um að bæta okkur á einhvern hátt og verða betra fólk, hvort sem það er í léttvægum málum eins og mataræðinu eða í alvarlegri hlutum eins og gjörðum okkar gagnvart öðrum. Þessi árstími er örugglega sá þegar flest fólk er gott í einu. Svo bráir gjarnan af okkur í góðverkagleðinni eftir morgundaginn.

**ÞÓ** er til fólk sem bindur góðverkin ekki aðeins við áramót. Það er gott allan ársins hring og þótt það geri kannski ekki góðverk á hverjum einasta degi eru góðverkin sem það gerir af þeirri stærðargráðu að þau jafnast á við óteljandi lítil. Þetta fólk er að finna í sérstökum sveitum, hjálparsveitum.

**HJÁLPARSVEITIRNAR** þekkjum við öll. Þær eru reglulega í fréttum, sérstaklega yfir vetrartímann, þegar þær finna týnda og sækja strandaða glópa upp um fjöll og firnindi og stöku túrista af jökli yfir sumartímann. Sveitirnar eru sjálfsagður hluti af okkar daglega lífi og við hugsum ekkert endilega um þær lon og don, göngum bara að þeim sem gefnum. Enda kæmumst við ekki af án þeirra hér á Íslandi þar sem veðráttan er slík að varla er hundi út sigandi marga daga á ári.

**ÞRÁTT** fyrir það eru hjálparsveitirnar ekki ríkisstofnun sem haldið er úti vegna válegra aðstæðna sem eru staðreynd hér á landi í veðri og færð. Það er ekki gert ráð fyrir þeim í fjárlögum. Fólkið í sveitunum er ekki með áhættuþóknun ofan á rífleg laun fyrir að vera ávallt viðbúið allan sólarhringinn og hika ekki við að leggja sjálft sig í hættu til að bjarga öðrum. Það fær engin laun.

**VIÐ** hin ættum að taka þetta fólk okkur til fyrirmyndar, sérstaklega í dag þegar við erum svona meyr og móttækileg fyrir því að láta gott af okkur leiða. Flest okkar eru kannski ekki fær um að framkvæma svo mögnuð góðverk upp á eigin spýtur, en þá ber að hafa í huga að margt smátt gerir eitt stórt.

**FLUGELDASALAN** um hver áramót er aðalfjáröflunarleið hjálparsveitanna til að halda starfi sínu gangandi og við getum lagt okkar að mörkum. Margföldunaráhrifin af þeirri litlu framkvæmd að kaupa flugelda af hjálparsveitunum skila sér í óteljandi góðverkum af ómetanlegri stærð.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Útsala

ZARA

**ÚTSALAN HEFST LAUGARDAGINN, 2 JANÚAR**

Smáralind sími: 522-8344 · Kringlan sími: 522-8320

www.zara.com

**! kl. 17.**

*Síðustu tónleikar ársins hér á Íslandi verða í Hallgrímskirkju í dag. Það verður í sautjánda sinn að Listvinafélagið býður til þessara tónleika og þeir félagar, trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson og orgelleikarinn Hörður Áskelsson kunna svo sannarlega að kveðja gamla árið og fagna því nýja með viðeigandi lúðraþyt og orgelleik.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ævintýri á gönguför

Á sunnudag, 3. janúar, flytur Útvarpsleikhúsið á Rás 1 Ríkisútvarpsins danska söngvaleikinn Ævintýri á gönguför í hljóðritun frá 1946, sem er líklega elsta upptaka útvarpsleikrits sem varðveist hefur. Söngleikurinn var allar götur frá 1882, þegar hann var fyrst fluttur á íslensku, eitt vinsælasta verk á fjölum leikhúsa áhugamanna. Það var síðast flutt af Leikfélagi Reykjavíkur 1967 í Iðnó og voru þeir Haraldur Björnsson og Brynjólfur Jóhannesson þá meðal flytjenda eins og þeir voru í upptökunni 1946.

Leikurinn fer fram á Norður-Sjálandi á herrasetrinu Strandbergi og nágrenni þess á fyrri hluta nítjándu aldar og greinir frá ástum og misskilningi. Leikstjóri að þessu sinni var Lárus Pálsson og



**LEIKLIST** Lárus Pálsson leikstýrir og leikur Skrifta-Hans í Ævintýrinu frá 1946.

fór einnig með hlutverk hrappsins, Skrifta-Hans, sem hleypir öllu í bál og brand. Það er hann sem syngur vísurnar frægu Ég ætla að fá mér kærustu sem Hjálmar tóku upp fyrir fáum misserum og gerðu vinsælt á ný.

Upptakan skartar, auk þeirra þriggja, kröftum sem komu allir úr áhugamannaleikhúsinu en sóttu sér menntun sumir til útlanda: Ragnhildur Steingrímsdóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Haukur Óskarsson og Gestur Pálsson; öll urðu þau merkilegir listamenn. Þarna eru líka raddir sem eiga sitt örugga sæti í hópi stórleikara þjóðarinnar: Nína Sveinsdóttir og Valdimar Helgason, þótt oftast færu þau með minni hlutverk, en höfðu bæði einstakan stíl og mikla færni.

**> Ekki missa af**

sýningarlokum stóru safnanna: Í Listasafni Íslands lýkur magnaðri sýningu á verkum Svavars Guðnasonar en í Listasafni Reykjavíkur þremur sýningum í Hafnarhúsi. Þetta eru sýningarnar Innpökkuð herbergi – Yoshitomo Nara + YNG, Egill Sæbjörnsson – Staðarandi og frásögn og D-14 innsetning Ryans Parteka.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON FYRIR ÁRIÐ 2009

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT



**1** Karlar sem hata konur
Stieg Larsson



**2** Svörtuloft
Arnaldur Indriðason



**3** Ef væri ég söngvari
Ragnheiður Gestsdóttir



**4** Sofandi að feigðarósi
Ólafur Arnarson



**5** Matur og drykkur
Helga Sigurðardóttir



**6** Hrunið
Guðni Th. Jóhannesson



**7** Dóttir hennar, dóttir mín
Dorothy Koomson



**8** Konur
Steinar Bragi



**9** Meiri hamingja
Tal Ben-Shahar



**10** Vigdís - Kona verður forseti
Páll Valsson

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# ÞRÍR RADDMENN SAMAN

**Tenórarnir þrír er vörumerki sem var íslenskað eftir að Domingo, Carreras og Pavarotti gerðu garðinn frægan víða um heim: okkar þrír tenórar hafa verið nokkrir en þeir hafa komið fram við ýmis tækifæri, meðal annars í hinu vinsæla skemmtikraftaeyki Frostrósum.**



**TÓNLIST** Glaðir fyrir utan Háskólabíó: Snorri Wium, Jóhann Friðgeir og Kolbeinn Ketilsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á sunnudag verða tónleikar í Háskólabíói þar sem þeir tenórar Kolbeinn Ketilsson, Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Snorri Wium koma fram sem þríeyki undir þessu nafni. Það er fyrirtækið Frostrósir sem stendur fyrir tónleikunum en með þremenningunum kemur fram stór hljómsveit og sópransöngkonan Greta Hergils, auk félaga úr karlakórnum Fóstbræðrum. Á efnisskránni verða margar af fegurstu aríum óperubókmenntanna, íslenskar perlur auk klassískra sönglaga og hátíðarsálma. Einnig mun sitthvað óvænt og skemmtilegt líta dagsins ljós lofar tónleikahaldarinn.

Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór hóf söngferil sinn árið 1995 í Söngskólanum í Reykjavík hjá Garðari Cortes. Sama ár fór hann til náms í Mílanó og víðar á Ítalíu. Hann hefur sungið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og meginlandi Evrópu. Undanfarið hefur hann sungið mörg aðalhlutverk úr óperuheiminum bæði hér heima og erlendis en þeirra á meðal eru; Alfredo úr La Traviata, Macduff úr Macbeth, Radames úr Aidu, Cavaradossi úr Toscu, Pinkerton úr Madama Butterfly, Don José úr Carmen, Sinowi úr Lady Macbeth of Mtsensk og Dmitri/Grigorij úr Boris Godunov ásamt fjölda sálumessa. Fram undan erlendis hjá Jóhanni Friðgeiri eru hlutverk Pinkertons úr Madama Butterfly og Cavaradossi úr Tosca eftir G. Puccini, Radames úr Aidu og Ismaele úr Nabucco eftir G. Verdi, Canio úr Pagliacci eftir R. Leoncavallo, Turiddu úr Cavalleria Rusticana eftir P. Mascagni og Lohengrin úr Lohengrin eftir R. Wagner auk fjölda tónleika.

Kolbeinn J. Ketilsson tenór stundaði nám í Nýja Tónlistarskólanum hjá Sigurði Demetz og lauk síðar prófi við Tónlistarháskólann í Vínarborg.

Meðal óperuhlutverka Kolbeins eru titilhlutverkið í Ævintýrum Hoffmanns, Pinkerton í Madama Butterfly, Macduff í Macbeth, Tannhäuser, Erik í Hollendingnum fljúgandi, Tristan, Max í Der Freischütz, Cavaradossi í Toscu, Don Carlo, Radames og Don Josè í Carmen. Kolbeinn hefur sungið í mörgum af þekktustu óperuhúsum í Evrópu og einnig komið fram í N-Ameríku og Asíu. Hjá Íslensku óperunni söng hann Alfredo í La Traviata, Rodolfo í La Bohème og Bacchus í Ariadne auf Naxos. Kolbeinn hefur komið fram sem einsöngvari í fjölmörgum sinfónískum verkum, meðal annars 9. sinfóníu Beethovens, Requiem eftir Dvorak, Elía eftir Mendelssohn og Requiem eftir Verdi.

Snorri Wium tenór hóf söngferil sinn með Pólýfónkórnum, Mótettukór Hallgrímskirkju og Kór Íslensku óperunnar. Hann stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Magnúsi Jónssyni og Dóru Reyndal. Að því loknu hélt hann til Vínarborgar og lauk diplom-prófi frá Vínar-Konservatorium árið 1992. Snorri hefur sungið með Jugendstil Theater, Salzburger Tourne, við óperuhúsið í Lippstadt, Flensburg og víðar. Þá söng hann þrjú sumur í kór Wagnerhátíðarinnar í Bayreuth. Snorri var fastráðinn sem einsöngvari við óperuna í Coburg í Þýskalandi á árunum 1992-1996. Í Íslensku óperunni hefur hann m.a. sungið hlutverk Dr. Blind í Leðurblökunni vorið 1999 og Monostatosar í Töfraflautunni haustið 2001. Þá fór hann með hlutverk stýrimannsins í uppfærslu Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík á Hollendingnum fljúgandi vorið 2002. Veturinn 2003 söng hann hlutverk Malcolms í Macbeth og síðastliðinn vetur titilhlutverkið í óperunni Werther og hlutverk Don Basilios og Don Curizos í Brúðkaupi Fígarós og haustið 2004 söng hann hlutverk Tóbíasar Ragg í Sweeney Todd hjá Íslensku óperunni.

Miðasala er í fullum gangi á midi.is og uppselt á A-svæði en enn má fá miða á B-svæði í stóra salnum í Háskólabíói.

pbb@frettabladid.is


Sunddeild Ármanns

# Barnasund

**Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 16. janúar nk. í Árbæjarskóla**

## Ungbarnasund

**Námskeiðið hefst 23. janúar 2010 í Árbæjarlaug.**

**Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stellag@torg.is stella.gunnarsdottir@reykjavik.is**


GLEÐILEGT NÝTT BÍÓÁR!
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á AVATAR!
ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR,
45.000 GESTIR Á AÐEINS 10 DÖGUM!
★★★★★ -H.S., MBL
★★★★★ -H.K., Bylgjan
★★★★★ -V.J.V., FBL
★★★★★ -T.V., Kvikmyndir.is
★★★★★ -Empire
★★★★★ -News of the World
★★★★ -Á.J., DV
★★★★+ -Ó.H.T., Rás 2
AVATAR
LG Black Label Series
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á MIDI.IS
ATH: OPIÐ Á NÝÁRSDAG 1. JANÚAR 2010
KRISTBJÖRG KJELD
HILMIR SNÆR GUÐNASON
GUNNAR EYJÓLFSSON
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
Mamma GÓGÓ
KVIKMYND EFTIR Friðrik Þór Friðriksson
FRUMSÝND 1. JANÚAR
Hugh GRANT
Sarah Jessica PARKER
Did You Hear About The MORGANS?
FRUMSÝND 8. JANÚAR
MICHAEL NYQVIST
NOOMI RAPACE
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
FRUMSÝND 22. JANÚAR
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
HAFÐU DISKINN ÞINN KLÁRAN!
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM
FRUMSÝND 22. JANÚAR MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 3
sena

**> VANTAÐI NEISTANN**

Söngkonan Taylor Swift og leikarinn Taylor Lautner hafa slitið sambandi sínu. Taylorarnir eru bæði upprennandi stjörnur í heimalandi sínu og þóttu því fullkomið par. Ástæða sambandsslitanna ku vera sú að stúlkan Taylor var ekki nógu hrifin af drengnum Taylor.



Fólk

folk@frett

# Djúpa laugin hefst í febrúar

„Vonandi finnur einhver ástina," segir Ragnhildur Magnúsdóttir, kvikmynda- og dagskrárgerðarmaður.

Stefnumótaþátturinn Djúpa laugin hefst á ný á Skjá einum í febrúar. Ragnhildur stýrir þættinum ásamt blaðamanninum Þorbjörgu Marinósdóttur, sem starfar hjá útgáfufélaginu Birtíngi. Spurð hvort þátturinn verði með öðru sniði en áður segist Ragnhildur lítið geta sagt um það. „En ég get sagt að hann verður mjög skemmtilegur," segir hún. „Svona þáttur snýst fyrst og fremst um skemmtilega þátttakendur. Við munum reyna að koma með eitthvað nýtt og ferskt í sjónvarpsflóru landsmanna."

En er til nógu mikið af skemmtilegu einhleypu fólki á Íslandi?

„Já, hiklaust. Ég held líka að stefnumótamenningin á Íslandi hafi breyst og þróast mikið. Það gefur okkur visst tækifæri til að gera nýja og skemmtilega hluti."

Djúpa laugin var á dagskrá Skjás eins nokkur ár í röð og á meðal þeirra sem hafa stýrt þættinum eru Dóra Takefusa, Maríkó Margrét og Kolbrún Björnsdóttir á Bylgjunni. „Ég man eftir þáttunum," segir Ragnhildur. „Ég ólst líka upp í Ameríku og þekki svona þætti úr bandarísku sjónvarpi. Það voru margir hrikalega skemmtilegir enda alltaf gaman að fjalla um ástina." - afb



**KOMA ÍSLENDINGUM SAMAN Ragnhildur Magnúsdóttir** og **Þorbjörg Marínósdóttir** ætla að senda Íslendinga á stefnumót í febrúar.

# Nýárspartí á 14.500 krónur

„Fólk er að fá alveg fyrir aurinn," segir Valgarð Sörensen, einn af eigendum skemmtistaðarins Austur.

Öllu verður tjaldað til fyrir nýárspartí staðarins, enda er miðaverðið eftir því, eða 14.500 krónur. „Ef fólk ætlar út á annað borð þá er þetta fimm rétta máltíð og allt innifalið, þar á meðal áfengi, rautt og hvítt og kampavín í fordrykk," segir Valgarð. „Síðan verður Smirnoff-flaska inni í þessu líka, plús öll dagskráin, þannig að ég held að þetta sé mjög góður díll. Við ætlum að vera með flotta heimapartí-stemningu og skapa afslappað andrúmsloft. Þetta verður ekta nýárspartí," segir Valgarð.

Veislustjóri kvöldsins verður Logi Bergmann Eiðsson og á meðal þeirra sem stíga á svið verða Baddi og Valdi úr Jeff Who?, Högni og Sigríður úr Hjaltalín og uppistandararnir Ari Eldjárn og Jóhann Alfreð. Matseðillinn verður ekki af verri endanum. Hann samanstendur af grafinni gæsabringu, lakkríslambi, reyktri lambalund og nautalund, ásamt fleiri kræsingum. Eftir að allir hafa borðað nægju sína og horft á skemmtiatriðin geta þeir síðan dillað sér við danstónlist frá plötusnúðunum Önnu Rakel og Símoni.

Nánast uppselt er í matinn en eftir hann verður húsið opnað á milli ellefu og tólf. Spurður hvort partíið sé ekki bara fyrir þotuliðið segir Valgarð: „Eru ekki allir í þotuliðinu á Íslandi núna í dag?" - fb



**LOGI BERGMANN** Sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson verður veislustjóri á Austur á nýárskvöld. Sigríður Thorlacius og Högni úr Hjaltalín verða síðan meðal skemmtiatriða.


Daði R. Kristleifsson, 18 ára

Lifestream Spirulina gefur mér mjög mikla orku en ég finn ótrúlega mikinn mun þegar ég tek það inn. Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er það Spirulina sem gerir mér kleift að hafa orku í allt sem þarf að gera en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt og æfi fótbolti. Hef miklu meiri úthald og er hressari á morgnana.

Hress og hraust í skóla og vinnu með LifeStream Spirulina!

Lífrænt Fjölvítamín

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

Greinilegur munur eftir nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti af Lifestream Spirulína þarf að borða:
- 7 gulrætur (betakarotín)
- 1 skál af fersku spínati (járn)
- 1 skál af hiðishrísgrjónum (kalíum)
- 1 glas af mjólk (kalk)
- 125gr. nautakjöt (prótín + B12 vitamín)
- 30gr. hveitigrassafa (blaðgræna)
- 1 hylki Kvöldvorósarolía (GLA fitusýrur)

Styrkir fljótt líkamann gegn kvefi og flensum

WHO Alþjóðlega Heilbrigðisstofnunin telur hágæða Spirulina ákjósanlegan næringarauka fyrir börn og fullorðna. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á Spirulina og fjöldi þeirra hefur birst í virtum vísindaritum. Lifestream Spirulina eflir einbeitingu, gefur orku, dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf. Gott fyrir alla sem eru í vinnu, námi og vilja halda línunum í lagi.

Súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefnin.

Lifestream þörungarnir eru ómengaðir vegna þess að þeir eru ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001




Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni

www.celsus.is


# Andlát Jacksons og vandræði Woods

**Árið 2009 var viðburðaríkt úti í hinum stóra skemmtanaheimi þar sem óvænt dauðsföll og hjónabandsvandræði voru áberandi. Fréttablaðið tók saman helstu fréttir ársins úr erlenda skemmtanabransanum.**

## Janúar



**PHOENIX HÆTTIR AÐ LEIKA**

Leikarinn Joaquin Phoenix hóf árið með því að falla niður af sviði á næturklúbbi í Las Vegas. Þar var hann að hefja nýjan og heldur betur óvæntan feril sinn sem rappsöngvari. Undarleg hegðun hans ýtti undir orðróm um að hann væri að gera grín-heimildarmynd sem mágur hans Casey Affleck væri að taka upp.

## Febrúar



**BROWN RÆÐST Á RIHÖNNU**

Grimmileg árás rapparans Chris Brown á kærustu sína Rihönnu vakti mikla athygli. Þau hættu saman og Brown fékk skilorðsbundinn dóm.

## Apríl



**SUSAN SIGRAR HEIMINN**

Susan Boyle kom öllum á óvart með frábærri frammistöðu í breska þættinum Britain´s Got Talent. Hún söng lagið I Dreamed A Dream við fádæma góðar undirtektir.

## Maí



**KATIE OG PETER SKILJA**

Katie Price (Jordan) og Peter Andre skildu eftir þriggja og hálfs árs hjónaband og tvö börn. Fjölmiðlar gerðu sér mikinn mat úr skilnaðinum og bæði Price og Andre voru dugleg við að úthúða hvort öðru fyrir opnum tjöldum.

## Júní



**JACKSON DEYR**

Popparinn Michael Jackson lést öllum að óvörum, aðeins fimmtugur að aldri, skömmu áður en hann ætlaði að hefja tónleikaröð í London. Lést hann eftir of stóran skammt af lyfseðilsskyldum lyfjum.

## September



**WEST GERIR SIG AÐ FÍFLI**

Rapparinn Kanye West gerði sjálfan sig að fífli með því að ryðjast upp á svið þegar söngkonan Taylor Swift fékk afhent MTV-verðlaun. Hann greip fram í fyrir henni í þakkarræðunni og lýsti yfir vonbrigðum með að vinkona hans Beyoncé hefði ekki fengið verðlaunin.

## Nóvember



**GIBSON NÚMER ÁTTA**

Mel Gibson varð átta barna faðir eftir að rússneska kærastan hans eignaðist þeirra fyrsta barn. Gibson sótti um skilnað frá eiginkonu sinni á árinu en hann hafði fram að þessu þótt fremur traustur og trúr eiginmaður.

## Desember



**TIGER MEÐ BUXURNAR Á HÆLUNUM**

Óflekkuð ímynd kylfingsins Tigers Wood beið mikinn hnekki þegar í ljós kom að hann hafði haldið framhjá sænskri eiginkonu sinni með fjölda kvenna, þar á meðal klámmyndastjörnu. Eiginkonan flutti heim til Svíþjóðar og Tiger ákvað að taka sér frí frá golfinu um óákveðinn tíma.

# AFGREIÐSLUTÍMI UM ÁRAMÓTIN

**Viðskiptavinir athugið að 31. desember loka verslanir 10-11 klukkan**

**18:00**

**Verslanir í Austurstræti, Lágmúla, Dalvegi, miðbæ Akureyrar og Keflavíkur opna aftur klukkan**

**00:30**

**á Nýársnótt.**
**Aðrar verslanir opna aftur klukkan**

**11:00**

**á Nýársdag.**

10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is

# Angelina er með mikið skap

Leikkonan Angelina Jolie segir í viðtali við þýska tímaritið Das Neue Magazine að hún telji einkvæni ekki nauðsynlegt sambönd-um. „Ég efast um að einkvæni sé nauðsynlegt. Það er verra að yfirgefa maka þinn og tala svo illa um hann í kjölfarið. Hvorugt okkar Brads telur að þó að við deilum heimili séum við hlekkjuð saman. Við reynum að hefta ekki hvort annað,“ sagði leikkonan, sem viðurkenndi jafnframt að rifrildi hennar og Brads Pitt gætu orðið líkamleg. „Það neistar á milli okkar þegar hinn ljúfi Brad skilur ekki að hann hefur rangt fyrir sér og bregst við með því að ögra mér. Þá get ég orðið svo reið að ég ríf fötin hans.“



**SKAPSTÓR** Angelina Jolie segist hafa rifið föt Brads Pitt þegar þau rífast.

# Ilmur Taylor sá allra besti

**Ilmvatn leikkonunnar Elizabeth Taylor, White Diamonds, er mest seldi stjörnuilmur sögunnar samkvæmt nýrri könnun. Síðan ilmvatnið fór í sölu árið 1991 hefur það selst gríðarlega vel. Bara á síðasta ári seldist það fyrir rúmar 67 milljónir dala, eða rúma 8,4 milljarða króna. Í öðru sæti er ilmvatn tónlistar- og tískumógúlsins P. Diddy, Unforgivable, sem seldist á síðasta ári fyrir rúma sex milljarða króna. Í þriðja og fjórða sæti lentu ilmvötn söngkonunnar Celine Dion og leikkonunnar Söruh Jessica Parker. Þær Jennifer Lopez og Britney Spears voru síðan númer sjö og átta.**



**ELIZABETH TAYLOR** Ilmvatn leikkonunnar frægu er vinsælasti stjörnuilmur sögunnar.




# Kærður fyrir ofbeldi

**Erin Muller, fyrrverandi unnusta Michaels Lohan, hefur farið fram á nálgunarbann. Lohan, sem er faðir leikkonunnar Lindsay Lohan, beitti Muller grófu ofbeldi á meðan á sambandi þeirra stóð. Muller lagði fram læknisvottorð máli sínu til stuðnings og þar kemur fram að Lohan hafi gengið í skrokk á henni minnst tólf sinnum síðustu tvö árin. Lohan á meðal annars að hafa lamið hana með rafmagnssnúru, sparkað í rifbein hennar og klof og hótað henni lífláti.**



**DUSILMENNI** Michael Lohan beitti fyrrverandi unnustu sína ofbeldi.



**BENEATH** Hljómsveitin Beneath spilaði á Wacken-þungarokkshátíðinni í Þýskalandi.

# Skráning í Wacken hafin

**Skráning í hljómsveitakeppnina Metal Battle 2010 er hafin. Sigurvegararnir spila í lokakeppninni sem fer fram á þungarokkshátíðinni Wacken Open Air sem er haldin í ágúst ár hvert í Þýskalandi. Alls halda 26 þjóðir Wacken-undankeppnir og þetta verður í annað sinn sem Ísland tekur þátt. Fyrr á þessu ári vann hljómsveitin Beneath íslensku keppnina og spilaði síðan á Wacken. Hún hefur nú landað plötusamningi við erlent útgáfufyrirtæki. Á meðal hljómsveita á Wacken á næsta ári verða Iron Maiden, Slayer, Mötley Crüe og hin íslenska Sólstafir. Umsóknarfrestur vegna undankeppninnar rennur út 20. janúar. Keppnin fer síðan fram 13. mars á Sódómu Reykjavík.**

# Ágætis leikkona

Leikstjórinn Guy Ritchie segir að fyrrverandi eiginkona sín Madonna sé góð leikkona. Hann telur að almenningur eigi erfitt með að aðskilja ímynd hennar sem söngkonu frá persónunum sem hún leikur á hvíta tjaldinu. Það sé ástæðan fyrir því að margir efist um leiklistarhæfileika hennar. „Mér finnst hún alveg ágætis leikkona," sagði Ritchie. „Mér finnst hún fín. Ég held bara að persónuleiki hennar þvælist fyrir fólki."

Ritchie leikstýrði Madonnu í myndinni Swept Away árið 2002 sem fékk hræðilega dóma hjá gagnrýnendum. Hann segir myndina alls ekki slæma og bætir við að hann hafi tekið hana upp með kaldhæðnina í fyrirrúmi.



**MADONNA OG RITCHIE** Ritchie segir að Madonna sé fín leikkona. Persónuleiki hennar þvælist einfaldlega fyrir fólki á hvíta tjaldinu.

# Jude með Siennu á sólarströnd

Leikarinn Jude Law eyddi jólunum á Barbados ásamt börnum sínum þremur og unnustunni fyrrverandi, leikkonunni Siennu Miller. Law og Miller fara bæði með hlutverk á Broadway um þessar mundir og endurnýjuðu ást sína í kjölfarið. Samkvæmt tímaritinu The Sun eru foreldrar Jude Law óánægðir með samband sonarins við Siennu Miller og óttast að allt fari á versta veg.

Jude Law hefur verið duglegur við að kynna nýjustu kvikmynd sína, Scherlock, þar sem hann fer með hlutverk hjálparhellunnar Dr. Watson. Í viðtali við tímaritið Parade Magazine tjáði Law sig um sambönd. „Ég held að konur falli fyrir „vondum strákum". Það er mín reynsla. Á vissum aldri kemst maður að því hvað það er sem virkar fyrir þig og það virkaði aldrei að vera góði gæinn. En svo vex maður úr grasi og maður áttar sig á því að samböndum fylgir mikil vinna. Það þarf að sinna þeim."



**SKEMMTI SÉR Í SÓLINNI** **Jude Law** skellti sér til Barbados ásamt börnum sínum og fyrrverandi unnustu sinni, **Siennu Miller.**



**BREYTTUR MAÐUR** Russell Brand segist breyttur maður.

# Voru saman um jólin

Grínistinn Russell Brand og söngkonan Katy Perry ákváðu að fara á suðlægari slóðir yfir jólahátíðina og ferðuðust til Indlands. Perry birti mynd af sér og Brand fyrir utan Taj Mahal á Twitter-síðu sinni og undir hafði hún skrifað: „Hann byggði þetta handa mér." Russell og Katy hafa nú verið saman í þrjá mánuði og á þeim stutta tíma hafa þau verið dugleg að ferðast um heiminn og njóta lífsins.

Brand, sem er þekktur kvennamaður í föðurlandi sínu Englandi, sagði Katy hafa breytt lífi hans til hins betra. „Hún er æðisleg. Hún er góð manneskja og tíminn með henni hefur breytt mér. Ég er hættur að gera hluti sem ég hefði líklega aldrei átt að gera til að byrja með."



**HVALREKI** Rjóminn úr rafdeildinni.

# Weirdcore 2

**Safnskífan Weirdcore 2 kom út á Þorláksmessu og má hlaða henni niður frítt á weirdcore.com. Þarna eru lög með rjómandum af íslenskum raftónlistarmönnum, bæði gamalgrónum kempum og nýjum listamönnum. Þeir sem eru með lög á Weirdcore 2 eru Ruxpin, Yagya, Biogen, Anonymous, Skurken, hljómsveitin Sykur, Steve Sampling, Futuregrapher, Einum of, Quadruplos, Hypno, Yoda Remote, Arizonac, Thizone og Public Relations. Fyrir aðdáendur raftónlistar er þetta sannur hvalreki og einstök samtímaheimild um íslensku raftónlistarsenuna.**






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. Tali | kl. 1:30 - 2 - 3:40 - 4:10 - 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:30 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:20 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:50 - 5:40 - 8 - 9 - 10 - 10:20 - 11:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4:10 - 6 | L |
| OLD DOGS | kl. 8 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6:20(3D) | 7 |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 1. 2. 3. og 4. jan í Álfabakka
Kynnið ykkur tímana fyrir 2. - 4. jan. í kringlunni, Akureyri, Selfossi og í Keflavík á www.SAMbio.is

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 8:30 - 10:20 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| SORORITY ROW | kl 10:40 | 16 |

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118






## ÞREFÖLD DJAMMHELGI

Páll Óskar verður í Sjallanum, Stebbi Hilmars og hans menn á Broadway og Spot og Geir Jón og hans fólk stendur vaktina.

# Löggan viðbúin löngum nóttum

**Gamlárskvöld ber upp á fimmtudag og nýársdagur er á föstudegi. Það eru því tveir dagar þar á eftir til að jafna sig. Eða þrír dagar samtals til að taka á.**

Veðurútlit er gott um allt land. Samkvæmt Veðurstofunni verður hægur vindur, bjart og kalt næstu daga. Frost frá einni að sjö gráðum og lítil úrkoma, ef nokkur. Á sunnudaginn fer líklega að hvessa. Það eru því líkur á fínu flugeldaveðri og ágætu djammveðri ef fólk klæðir sig almennilega, enda bítur frost.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að helgin verði mannfrek hjá lögreglunni. „Við verður eins vel mannað og við mögulega getum því nú hefur fólk þrjú kvöld og nætur til að tæma pyngjuna,“ segir hann. „Þetta er alltaf svipað, dreifist um borgina framan af en einangrast svo í miðborginni þegar líða tekur á nóttina. Þetta er yfirleitt rólegt framan af, eins lengi og það verða ekki slys vegna skotelda eða á brennum, en leikar fara að æsast svona þrjú, fjögur um nóttina.“

Össur Hafþórsson sem rekur Bar 11 og Sódómu Reykjavík segir menn klára í langa helgi. „Menn frá Ölgerðinni hafa verið að bera hér inn kúta í stríðum straumum. Það hefur verið nóg að gera hjá þeim í vikunni enda er bara þriggja daga vinnuvika. Það er algengur misskilningur hjá fólki að vertar hækki verðið á veitingunum á gamlárskvöld. Það verður alveg sama verð í gangi hjá okkur þótt það verði komið nýtt ár, og þannig er það á flestöllum veitingastöðum.“

- drg

## GAMLÁRSKVÖLD

**Austur** - Dj Gus Gus, Margeir og Legend (með Krumma) o.m.fl.
**Broadway** - Sálin hans Jóns míns, Techno.is í hliðarsal
**Club 101** - Agent.is sér um stuð í samstarfi við Flass 104,5
**Hverfisbarinn** - DJ Max
**Hvíta húsið, Selfossi** - Skítamórall
**Jacobsen** - HugarÁstand, TræAngular og Óli Ofur
**Nasa** - Millennium-partí Curvers og Kiki ow
**Sódóma** - Ónefnt kóverband með Jenna í Brain Police leikur rokkslagara
**Sjallinn, Akureyri** - Páll Óskar!

## NÝÁRSKVÖLD

**Boston** – Skapandi klæðnaður áskilinn
**80s Club** – Greifarnir
**Glóðin, Keflavík** – Hjálmar
**Kringlukráin** – Unglingahljómsveitin Pops, sérstakur gestur: Engilbert Jensen
**Prikið** – Danni Deluxxx
**Spot, Kópavogi** – Sálin hans Jóns míns
**Sódóma** – Ensími, Cliff Claven og Cosmic Call


NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEGT ÁR! NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 1 - 3 - 6 - 8 - 10.35 | L |
| MAMMA GÓGÓ LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 1 | kl. 1 - 4.40 - 8 - 10 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 2 - 3.10 - 4.10 - 5.20 - 6.20 - 8.30 | L |
| 2012 | kl. 10.40 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 1 | kl. 1 - 4.30 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 | L |
| WHATEVER WORKS | kl. 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓÓ | kl. 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4* - 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 5* - 8 | 10 |

*Einungis laugardag og sunnudag

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| TAKING WOODSTOCK | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 enskt tal | L |
| AVATAR 2D | kl. 3.20 - 6.45 - 10.10 | 10 |
| JULIE AND JULIA | kl. 8 - 10.35 | L |

ATH: SÝNINGARTÍMAR GILDA FRÁ 1. - 3. JANÚAR

NÝTT Í BÍÓ! LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus GLEÐILEG JÓL




OPIÐ Á NÝÁRSDAG
SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 1.JANÚAR
FÆRÐU 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2 og 4 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 3.50, 6, 7, 9 og 10.10 | 10 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 2 | L |




Kristbjörg Kjeld
Hilmir Snær Guðnason
Gunnar Eyjólfsson
Margrét Vilhjálmsdóttir
Mamma
GÓGÓ
KVIKMYND EFTIR Friðrik Þór Friðriksson
FRUMSÝND 1. JANÚAR
LEIKSTJÓRN & HANDRIT FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON AÐALHLUTVERK KRISTBJÖRG KJELD • HILMIR SNÆR GUÐNASON • GUNNAR EYJÓLFSSON • MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR • INGA MARÍA VALDIMARSDÓTTIR
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR KVIKMYNDATAKA ARI KRISTINSSON TÓNLIST HILMAR ÖRN HILMARSSON LEIKMYND ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON BÚNINGAR HELGA I. STEFÁNSDÓTTIR KLIPPING ANDERS REFN
SIGVALDI J. KÁRASON • TOMÁŠ POTOCNÝ HLJÓÐ MERETE MONGSTAD • SIGURÐUR SIGURÐSSON FRAMLEIÐSLU- & FRAMKVÆMDASTJÓRN KATRÍN LOVÍSA INGVADÓTTIR • DAVÍÐ KRISTJÁN CHATHAM PITT
FRAMLEIÐENDUR FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON • GUÐRÚN EDDA ÞÓRHANNESDÓTTIR MEÐFRAMLEIÐENDUR EGIL ØDEGÅRD • REINHARD BRUNDIG • ELFAR AÐALSTEINS & GUNNAR CARLSSON
STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS • EURIMAGES • NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM & NORSK FILMINSTITUTT
sena
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ

## > Jón Arnar hættur með ÍR

Jón Arnar Ingvarsson hefur óskað eftir því við körfuknattleiksdeild ÍR að láta af störfum sem þjálfari karlaliðsins í Iceland Express-deildinni. Jón Arnór tók við ÍR-liðinu í lok ársins 2006 og hefur stýrt því í 69 úrvalsdeildarleikjum (33 sigrar) og í 13 leikjum að auki í úrslitakeppninni (5 sigrar). „Eiginkona Jóns á við erfið veikindi að stríða og þarf því fjölskylda Jóns á öllum hans kröftum að halda," segir í fréttatilkynningu frá körfuknattleiksdeild ÍR. ÍR-ingar eru ekki búnir að finna eftirmann Jóns en hver það verður mun skýrast frekar á fyrstu dögum nýs árs.



**sport**
sport@frettabladid.is

**KARL JÓNSSON, ÞJÁLFARI TINDASTÓLS:** FANN 206 SENTIMETRA OG 118 KÍLÓA MIÐHERJA FYRIR LIÐIÐ SITT

# *Ætli að hann verði ekki sá stærsti í deildinni*

Karl Jónsson, þjálfari Tindastóls í Iceland Express-deild karla í körfubolta, er búinn að finna nýjan bandarískan leikmann fyrir sitt lið. Sá heitir Kenney Boyd og 27 ára og kemur úr Morehouse-háskólanum.

„Það hefur farið töluvert mikinn tími í að finna Bandaríkjamann og mest svekkjandi við það er að við vorum einmitt fyrsta liðið til að ráða til okkur Ameríkumann en svo fór hann í steininn karlinn," segir Karl Jónsson en liðið samdi við Ricky Henderson um miðjan júlímánuð. Það fór þó aldrei að hann kæmi til landsins því skömmu áður en hann átti að mæta var hann dæmdur til þrjátíu daga samfélagsþjónustu í Detroit fyrir aðild að þjófnaði í Michigan-ríki í sumar.

„Maður er búinn að skoða ansi mörg myndbönd og búinn að eyða tíma í vangaveltur. Svona ferli tekur tugi klukkutíma í heild sinni," segir Karl. Tindastóll lék fyrstu þrjá leikina án Kana en fékk svo til sín Amani Bin Daanish þegar hann var látinn fara í Grindavík. „Við vorum alveg uppi við vegg þegar Amani datt í hendurnar á okkur. Ég sé ekki eftir þeirri ráðstöfun á þeim tíma því Amani er alls ekki slæmur leikmaður. Mann grunaði það samt frá upphafi að hann myndi ekki vera sá leikmaður sem hentaði okkur og undir niðri var það alltaf planið hjá okkur að fá þyngri miðherja," segir Karl.



Kenney Boyd er engin smásmíði og passar vel undir þá skilgreiningu. Kenney Boyd er 206 cm og 118 kíló á þyngd. „Þetta er stór og mikill strákur og ætli hann verði ekki sá stærsti í deildinni. Hann segist vera búinn að æfa eins og vitleysingur og umboðsmaðurinn tekur undir það. Reynslan hefur þó bara kennt manni það að vera hóflega bjartsýnn," segir Karl.

„Við settum það markmið í upphafi að koma Tindastól aftur í úrslitakeppnina. Það eru tveir til þrír leikir á tímabilinu sem hefðu mögulega getað dottið okkar megin. Við höfum verið að sýna leikkafla í nokkrum leikjum þar sem við höfum verið að spila mjög vel. Það er okkar trú að með svona leikmanni komum við til með að binda þetta betur saman, bæði sóknar- og varnarlega."

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

**Portsmouth - Arsenal 1-4**
0-1 Eduardo (28.), 0-2 Samir Nasri (42.), 0-3 Aaron Ramsay (69.), 1-3 Nadir Belhadj (74.), 1-4 Alexandre Song (81.)

**Manchester United - Wigan 5-0**
1-0 Wayne Rooney (28.), 2-0 Michael Carrick (32.), 3-0 Rafael (45.), 4-0 Dimitar Berbatov (50.), 5-0 Antonio Valencia (75.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **20** | **14** | **3** | **3** | **45-16** | **45** |
| Man. United | 20 | 14 | 1 | 5 | 45-18 | 43 |
| **Arsenal** | **19** | **13** | **2** | **4** | **51-21** | **41** |
| Tottenham | 20 | 11 | 4 | 5 | 42-22 | 37 |
| **Man. City** | **19** | **9** | **8** | **2** | **38-27** | **35** |
| Aston Villa | 20 | 10 | 5 | 5 | 29-18 | 35 |
| **Liverpool** | **20** | **10** | **3** | **7** | **37-25** | **33** |
| Birmingham | 20 | 9 | 5 | 6 | 20-18 | 32 |
| **Fulham** | **19** | **7** | **6** | **6** | **24-19** | **27** |
| Sunderland | 20 | 6 | 5 | 9 | 28-31 | 23 |
| **Everton** | **19** | **5** | **7** | **7** | **26-32** | **22** |
| Stoke City | 19 | 5 | 6 | 8 | 15-23 | 21 |
| **Blackburn** | **20** | **5** | **6** | **9** | **20-35** | **21** |
| Burnley | 20 | 5 | 5 | 10 | 22-40 | 20 |
| **Wolves** | **20** | **5** | **4** | **11** | **17-36** | **19** |
| Wigan | 19 | 5 | 4 | 10 | 21-44 | 19 |
| **West Ham** | **20** | **4** | **6** | **10** | **28-37** | **18** |
| Bolton | 18 | 4 | 6 | 8 | 26-36 | 18 |
| **Hull City** | **20** | **4** | **6** | **10** | **20-42** | **18** |
| Portsmouth | 20 | 4 | 2 | 14 | 18-32 | 14 |

### *Skoska úrvalsdeildin*

**Hearts - Motherwell 1-0**
Eggert Jónsson lék allan leikinn með Hearts, sem er nú í fimmta sæti deildarinnar með 23 stig.

**Rangers - Dundee United 7-1**

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Samdi loksins við Reading

**FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson skrifaði loksins undir lánssamninginn við enska B-deildarfélagið Reading í gær. Fyrr í mánuðinum var greint frá því að til stæði að danska úrvalsdeildarfélagið Esbjerg lánaði Gunnar Heiðar til Englands út leiktíðina og var gengið frá síðustu lausu hnútunum í gær. Hann hefur þegar hafið æfingar hjá liðinu.** - esá



**TVÍBURINN SKORAÐI** Rafael da Silva fagnar hér markinu sem hann skoraði gegn Wigan í gær. Tvíburabróðir hans, Fabio, sat á varamannabekknum og fagnaði innilega með bróður sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

# United heldur í við Chelsea

**Manchester United og Arsenal unnu fremur auðvelda sigra á andstæðingum sínum í ensku úrvalsdeildinni í gær. United vann 5-0 sigur á Wigan í annað skiptið á tímabilinu á meðan Arsenal vann Portsmouth örugglega á útivelli, 4-1.**

**FÓTBOLTI** United minnkaði aftur forskot Chelsea á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með 5-0 sigri á Wigan á heimavelli í gær. Á sama tíma vann Arsenal öruggan 4-1 sigur á Portsmouth og er liðið því enn aðeins tveimur stigum á eftir United og á þar að auki leik til góða.

Leikmenn United léku við hvern sinn fingur í leiknum í gær og snemma varð ljóst að gestirnir hefðu ekki roð við Englandsmeisturunum. Wayne Rooney var óheppinn að skora ekki meira en eitt mark í leiknum en hann var þegar búinn að skjóta í stöng þegar hann skoraði fyrsta mark United um miðjan fyrri hálfleikinn. Það gerði hann eftir undirbúning hins brasilíska Rafael da Silva.

Michael Carrick skoraði annað mark United og Rafael sjálfur það þriðja áður en flautað var til loka fyrri hálfleiks.

Antonio Valencia reyndist sínum gömlu félögum í Wigan erfiður. Hann lagði upp fjórða mark United fyrir Dimitar Berbatov áður en hann skoraði fimmta mark leiksins sjálfur stundarfjórðungi fyrir leikslok.

Þetta er í annað sinn á leiktíðinni sem United vinnur 5-0 sigur á Wigan. Það gerðist síðast í ágúst síðastliðnum. Wigan er aðeins einu stigi frá fallsæti og hefur liðið aðeins unnið enn af síðustu níu leikjum sínum. Til að bæta gráu ofan á svart þurfti að skipta Chris Kirkland, markverði Wigan, út af í hálfleik vegna meiðsla.

Leikurinn þótti einnig minna á frægt 9-1 tap Wigan fyrir Tottenham fyrir rúmum mánuði.

Í gær bárust enn fregnir af fjármálum Portsmouth en í gær var sagt frá því að ensk skattayfirvöld hefðu óskað eftir því að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Málið verður tekið formlega fyrir þann 23. desember næstkomandi.

Tímabilið hjá Portsmouth var slæmt fyrir og ekki skánaði það í gær. Liðið er enn í botnsæti deildarinnar og ef því verður ekki bjargað frá gjaldþroti fellur liðið að auki sjálfkrafa um deild.

Eduardo kom Arsenal yfir þegar skot hans úr aukaspyrnu fór af varnarmanni Portsmouth. Samir Nasri skoraði annað mark Arsenal og Aaron Ramsay það þriðja eftir laglegan einleik. Nadir Belhadj minnkaði muninn fyrir heimamenn en Alex Song tryggði þeim rauðklæddu sigurinn með skalla eftir fyrirgjöf Nasri undir lok leiksins.

Wenger greindi frá því fyrir leikinn að fyrirliðinn Cesc Fabregas yrði frá vegna meiðsla næstu tvær vikurnar en hans var þó ekki saknað í gær. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn með Portsmouth. **eirikur@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *Þýska úrvalsdeildin*

**Lübbecke - Rhein-Neckar Löwen 31-26**
Heiðmar Felixsson skoraði tvö mörk fyrir Lübbecke en Þórir Ólafsson lék ekki með vegna meiðsla. Ólafur Stefánsson skoraði sex mörk fyrir RN Löwen, Snorri Steinn Guðjónsson tvö og Guðjón Valur Sigurðsson eitt.

**Magdeburg - Lemgo 23-25**
Vignir Svavarsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson ekkert.

**Füchse Berlin - Minden 29-24**
Rúnar Kárason skoraði ekki fyrir Füchse Berlin en Gylfi Gylfason var markahæsti leikmaður Minden með átta mörk. Ingimundur Ingimundarson komst ekki á blað hjá Minden að þessu sinni.

**Balingen - Hannover-Burgdorf 29-23**
Hannes Jón Jónsson skoraði eitt mark fyrir H-B.

**Hamburg - Grosswallstadt 32-28**
Sverre Jakobsson skoraði ekki fyrir Grosswallstadt.

**Kiel - Melsungen 32-18**
Aron Pálmarsson skoraði ekki fyrir Kiel.

**Wetzlar - Dormagen 25-26**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hamburg** | **18** | **16** | **1** | **1** | **607-480** | **33** |
| Kiel | 18 | 15 | 2 | 1 | 618-471 | 32 |
| **Göppingen** | **18** | **13** | **1** | **4** | **539-523** | **27** |
| Flensburg | 18 | 13 | 0 | 5 | 550-493 | 26 |
| **RN Löwen** | **18** | **12** | **1** | **5** | **554-483** | **25** |
| Gummersbach | 18 | 10 | 3 | 5 | 524-486 | 23 |
| **Lemgo** | **18** | **10** | **2** | **6** | **507-481** | **22** |
| Grosswallstadt | 18 | 9 | 3 | 6 | 493-489 | 21 |
| **Füchse Berlin** | **18** | **10** | **0** | **8** | **512-507** | **20** |
| Magdeburg | 18 | 8 | 0 | 10 | 515-534 | 16 |
| **Lübbecke** | **18** | **6** | **3** | **9** | **507-503** | **15** |
| Melsungen | 18 | 6 | 0 | 12 | 473-540 | 12 |
| **Balingen** | **18** | **5** | **0** | **13** | **471-496** | **10** |
| H-Burgdorf | 18 | 4 | 1 | 13 | 452-535 | 9 |
| **Dormagen** | **18** | **4** | **0** | **14** | **465-562** | **8** |
| Düsseldorf | 18 | 3 | 1 | 14 | 443-531 | 7 |
| **Minden** | **18** | **1** | **3** | **14** | **426-493** | **5** |

### *Danska úrvalsdeildin*

**GOG - Viborg 32-31**
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 4 mörk fyrir GOG.

**Bjerringbro-Silkeborg - FHK Elite 36-25**
Björn Ingi Friðþjófsson markvörður leikur með FHK Elite.

**Skjern - Nordsjælland 27-25**
Gísli Kristjánsson skoraði 6 mörk fyrir Nordsjæll.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bjerringbro** | **16** | **15** | **0** | **1** | **531-436** | **30** |
| FCK | 16 | 12 | 1 | 3 | 501-429 | 25 |
| **GOG** | **16** | **12** | **0** | **4** | **455-407** | **24** |
| Kolding | 16 | 11 | 1 | 4 | 491-456 | 23 |
| **AaB** | **16** | **10** | **2** | **4** | **526-452** | **22** |
| Skjern | 16 | 9 | 0 | 7 | 433-422 | 18 |
| **Team Tvis** | **16** | **8** | **2** | **6** | **447-450** | **18** |
| Nordsjælland | 16 | 8 | 0 | 8 | 469-461 | 16 |




66° NORÐUR
KÆRU ÍSLENDINGAR
ÞÖKKUM STUÐNINGINN
OG SAMSTARFIÐ Í 83 ÁR.
1926 - 2009
ÓSKUM YKKUR GLEÐILEGRA
JÓLA OG FARSÆLDAR
Á KOMANDI ÁRI.
KLÆDDU ÞIG VEL
www.66north.is
Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg

> **Quentin Tarantino**

„Ég vil gera fólk orðlaust af hrifningu.“

***Tarantino er leikstjóri Kill Bill kvikmyndanna sem sýndar verða á Skjár einum. Fyrri hlutinn verður sýndur á föstudagskvöld kl. 22.20 en sá seinni laugardagskvöld kl. 22.00.***



# dagskrá nýársdagur

## AÐ KVÖLDI NÝÁRSDAGS

**STÖÐ 2 KL. 20.30**

### Sex and the City

Kvikmynd byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem hafa notið mikilla vinsælda. Dálkahöfundurinn Carrie Bradshaw er loksins að fara að ganga í það heilaga með sínum heittelskaða Mr. Big en því miður virðist sú langþráða hjónavígsla ekki ætla að ganga áfallalaust.
Aðalhlutverk: Sarah Jessica Parker, Kim Catrall, Chris Noth og Kristin Davis; Cynthia Nixon.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**WALL-E**
**Stöð 2 kl. 18.50**

Talsett teiknimynd frá Disney sem gerist í framtíðinni eftir að mennirnir hafa yfirgefið jörðina vegna þess að hún er yfirfull af rusli. Á jörðinni býr enn þá vélmennið WALL-E sem er ákaflega einmana enda búið að vera aleitt í 100 ár. En WALL-E tekur nú gleði sína á ný þar sem nýtískuvélmennið EVE birtist nú óvænt á jörðinni.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Kóalabræður, Róbert bangsi, Bitti nú!, Stórmynd Grísla, Einmitt þannig sögur og Skriðdýrin í frumskóginum.
**11.50 Frostrósir 2006**
**13.00 Ávarp forseta Íslands**
**13.25 Ávarp forseta Íslands á táknmáli**
**13.40 Svipmyndir af innlendum vettvangi** (e)
**14.40 Svipmyndir af erlendum vettvangi** (e)
**15.30 Nýárstónleikar í Vínarborg**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Jólastundin okkar** (e)
**18.30 Hrúturinn Hreinn**
**18.40 Á uppleið** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Árásin á Goðafoss** (2:2)
